SmartBase 1210 LASER prentari/ljósritunarvél
Canon
Bókhlaðan
Canon
Verð kr. 86.900 m.vsk
NÝHERJI

ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 12. febrúar 2003 • 6. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Flugbrautin á Þingeyri lengd og nýtt betur sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð

Flugvellirnir reknir saman sem tvær flugbrautir

Fram kom í máli Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra á þingi í síðustu viku, að gert er ráð fyrir lengingu flugbrautarinnar á Þingeyrarflugvelli, þannig að hann nýtist sem best sem varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll. Í rauninni verði flugvellirnir tveir reknir saman sem tvær flugbrautir og nýtist þannig svæðinu sem best.

Ráðherra sagði að endanlegar rannsóknir lægju ekki fyrir um það hvaða lausn eigi að velja við lenginguna. Hann kvaðst telja að þegar rannsóknum sé lokið eigi að undirbúa lengingu brautarinnar við endurskoðun samgönguáætlunar eftir tvö ár. Þetta kom fram í andsvari ráðherra við ræðu Kristins H. Gunnarssonar alþingismanns um samgönguáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi.

Lagði Kristinn áherslu á, að til þess að flugið nýttist sem best þyrfti að vera hægt að treysta því að menn kæmust til og frá svæðinu á þeim tíma sem menn ætluðu sér. Sagði hann nauðsynlegt til þess að bæta flugöryggi inn á svæðið að styrkja Þingeyrarflugvöll sem varaflugvöll fyrir Ísafjarðarflugvöll.

Kristinn og Sturla voru sammála um mikilvægi þess að allri óvissu yrði eytt um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Taldi Kristinn að álykta

Frá Ísafjarðarflugvelli.

ætti þess efnis að Reykjavíkurflugvöllur yrði áfram miðstöð innanlandsflugsins. Afar þýðingarmikið væri fyrir landsbyggðina að enginn velktist í vafa um vilja stjórnvalda í þeim efnum.

Bolungarvík

Bruggtæki og landi fundust

Lögreglan í Bolungarvík gerði upptæk bruggtæki, eimingartæki og landa við húsleit á heimili í bænum á föstudagskvöldið.

Að sögn lögreglunnar er ekki vitað hvort tækin voru aðeins ætluð til einkanota eða til framleiðslu og sölu á landa. Segja lögreglumenn í Bolungarvík það fátítt hin síðari árin að til kasta þeirra komi vegna landabruggs.

Húsleitin var gerð eftir ábendingu og var málið unnið í samstarfi við lögregluna á Ísafirði.

Framkvæmdastjóri ráðinn að Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf.

Skipulagsbreytingar sem snerta ekki leigjendur í félagslega kerfinu

Gísli Jón Hjaltason viðskiptafræðingur á Ísafirði hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. Félagið var stofnað á gamlársdag en Gísli Jón tekur við starfinu um næstu mánaðamót. Ísafjarðarbær er eini hluthafinn en félagið mun kaupa allar íbúðir Ísafjarðarbæjar í félagslega kerfinu, sem eru um 180, og annast rekstur þeirra. Jafnframt verður staða húsnæðisfulltrúa Ísafjarðarbæjar lögð niður.

Birgir Valdimarsson, sem um árabil hefur gegnt starfi húsnæðisfulltrúa, mun starfa hjá hinu nýja fasteignafélagi bæjarins. Birgir segir að hér sé einungis um skipulagsbreytingu að ræða, sem ekki muni hafa neinar breytingar í för með sér fyrir leigjendur.

Einkunnirnar mæla ekki alla þætti skólastarfsins

– sjá viðtal í miðopnu við Skarphéðinn Jónsson, skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði

SAMKAUP
OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll
Heildarlausn í flutningum
EIMSKIP
Flytjandi

ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamaður:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson
Fréttavefur: www.bb.is
Önnur útgáfa:
Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar:***Bolungarvík:*** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. ***Súðavík:*** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106.***Suðureyri:*** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. ***Flateyri:*** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. ***Þingeyri:*** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:
Hamraborg, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. ***Flugbarinn***, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. ***Bónus***, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. ***Bókhlaðan***, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. ***Bensínstöðin***, Hafnarstræti, sími 456 3574. ***Samkaup,*** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. ***Krílið***, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Atvinnuástandið á Vestfjörðum lakast á norðursvæðinu

Fólk tínist inn á atvinnuleysisskrá og „festist“ þar

Einstaklingar á atvinnuleysisskrá á Vestfjörðum voru 104 talsins í gær, þriðjudag. Skipting milli kynja er jöfn eða 52 karlar og 52 konur. Þessar tölur segja ekki alla söguna, því að hér er um „hausatölur“ að ræða en sumt af þessu fólki er í hlutastarfi en leitar að fullu starfi. Þessar tölur hafa farið heldur hækkandi í vetur enda þótt skráð atvinnuleysi á Vestfjörðum sé allmiklu minna (1,3% af íbúafjölda) en á landinu í heild (2,1% af íbúafjölda).

Að sögn Sigríðar Hrannar Elíasdóttur hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða er atvinnuástandið lakast á norðursvæði Vestfjarða, eða því svæði sem nær yfir Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík. Þar eru nú 37 konur og 30 karlar á skrá og segir Sigríður Hrönn, að á þessu svæði vanti atvinnutækifæri og fólk „festist“ á atvinnuleysisskránni. Hins vegar sé meiri hreyfing á öðrum svæðum Vestfjarða, svo sem í Vesturbyggð, og á Tálknafirði sé ekkert atvinnuleysi og hafi ekki verið. Á norðursvæðinu eru smátt og smátt að koma inn einn og einn á skrána vegna samdráttar hjá fyrirtækjum, en ekki hefur verið um neinar fjöldauppsagnir að ræða eða lokun fyrirtækja.

Félags- og menningarmiðstöð í undirbúningi á Flateyri

Margvísleg starfsemi undir eitt þak að Hafnarstræti 11

Undirbúningur að stofnun félags- og menningarmiðstöðvar að Hafnarstræti 11 á Flateyri er á lokastigi. Að henni standa auk Ísafjarðarbæjar ýmis félagasamtök á Flateyri og í Önundarfirði. Hér er um að ræða allmikið hús á tveimur hæðum en komið til ára sinna og ber þess merki. Nauðsynlegt verður að leggja í miklar framkvæmdir við lagfæringar og breytingar vegna hins nýja hlutverks hússins.

Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt á Ísafirði hefur gert tillögur að nýtingu og tilhögun í húsinu. Eiríkur Finnur Greipsson, einn þeirra sem skipa undirbúningshóp verkefnisins, hefur samið drög að samstarfssamningi um rekstur hússins. Drögin eru nú til meðferðar hjá þeim sem hlut eiga að máli.

Ísafjarðarbær hefur samþykkt að leggja fram til verkefnisins 6 milljónir króna af söluandvirði þriggja sumarhúsa á Flateyri. Umsjónaraðilar með ráðstöfun fjár úr sjóðnum Samhugur í verki hafa samþykkt að leggja verkefninu til 3 milljónir af því fé sem renna skal til félagsmála og 3 milljónir af fé sem renna skal til félagslegrar aðstoðar í Önundarfirði. Félag eldri borgara í Önundarfirði hefur sótt um styrk úr Framkvæmdasjóði aldraða auk fleiri styrkja úr opinberum sjóðum. Önundarfjarðardeild Rauða krossins mun sækja um styrk vegna stofnkostnaðar og sameiginlega munu allir samstarfsaðilar leita eftir frekari fjárstuðningi vegna nauðsynlegs tækjabúnaðar.

Frá Flateyri.

bb.is
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Virk byggðastefna

Fyrir fjórum árum töluðu ráðamenn um nýja hugsun, ný sóknarfæri í atvinnumálum landsbyggðarinnar, sem átti að felast í því að ríkisstofnanir létu fjarvinnslufyrirtæki úti á landi annast ýmiss konar þjónustu fyrir sig. Eflaust hefði símaþjónustan svokallaða getað fært landsbyggðafólki fáein störf. Hið sorglega við þetta allt saman er að efndirnar urðu nánast engar.

Flutningur stofnana milli landshluta getur átt fullan rétt á sér í sumum tilfellum en verið fráleitur í öðrum. Það er aftur á móti önnur saga, að í áratugi hefur nánast öllum nýjum embættum, störfum og nefndum á vegum hins opinbera verið hugsunarlaust troðið niður í Reykjavík. Þótt Reykjavík sé alls góðs makleg ber þessi staðreynd orðræðum stjórnmálamanna um byggðastefnu dapurlegt vitni.

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður, hefur ásamt nokkrum öðrum þingmönnum endurflutt þingsályktunartilllögu þess efnis, að á Vestfjörðum verði komið á fót miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski. Hugmyndin kom frá Kristjáni G. Jóakimssyni, sjávarútvegsfræðingi hjá Hraðfyrstihúsinu-Gunnvöru hf., fyrir ári síðan. Þá sagði BB: „Að hugmynd KGJ verður að vinna með öllum tiltækum ráðum. Á þessu sviði eru Vestfirðingar til forustu fallnir ekki síður en þeir hafa verið á flestum sviðum er lýtur að útgerð og fiskvinnslu í gegnum aldir. Sjálfsagt er að frumkvæði Vestfirðinga fái að njóta sín heima í héraði.“

Í október á liðnu ári fjallaði blaðið um grein eftir EKG þar sem þingmaðurinn tók fyrir flutning ríkisverkefna út á land. Þar var m.a. rætt um nauðsyn á rannsókn á veiðarfærum og áhrifum þeirra á lífríkið í sjónum og bent á, að á Ísafirði væri tilvalið að byggja upp slíka starfsemi undir forustu Hafrannsóknastofnunar. Á Ísafirði býr sérmenntaður maður á þessu sviði. Á þetta hefur ekki verið hlustað. Hví í ósköpunum þetta tómlæti í þessu mikilvæga máli íslensku þjóðarinnar? Í greininni sagði EKG: „Æ ofan í æ hefur verið farið þess á leit að þessir menn (veiðieftirlitsmenn) hefðu bækistöðvar sínar á landsbyggðinni. Ekki síst í ljósi þess að Fiskistofa er með nokkrar starfsstöðvar úti á landi.“ Útkoman: Umtalsverð fjölgun í veiðieftirliti, öll í starfsliðinu fyrir sunnan.

Stjórnmálamenn verða að átta sig á því, að byggðastefna felst í nýjum atvinnnugreinum á landsbyggðinni en ekki í fjálglegum fyrirheitum, marklausum meira og minna, um flutning stofnana frá Reykjavík út á land.

s.h.

Vaxtarbroddurinn í móttöku skemmtiferðaskipa er í náttúruferðum

Staða Ísafjarðarhafnar er sterk

Um 50 skemmtiferðaskip eru í smíðum í heiminum í dag og segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, að siglingar um Norðurhöf séu sífellt að verða vinsælli. Guðmundur segir að vaxtarmöguleikarnir í móttöku skemmtiferðaskipa liggi í ferðum þar sem náttúran er í fyrirrúmi en líkur séu á minni aukningu í borgaferðum skemmtiferðaskipanna.

„Siglingar eins og um Djúp og Jökulfirði koma þarna sterkar inn og ég held að það sé nokkuð sem ferðaþjónustan eigi að líta til. Ég fór um borð í hvert einasta skemmtiferðaskip sem kom til Ísafjarðar í fyrrasumar. Þau voru yfirleitt að koma hingað snemma morguns og það brást ekki að ferðamennirnir voru með frosið bros allan hringinn eftir að hafa siglt fram hjá Hornbjargi í sólaruppprásinni“, segir Guðmundur.

Staða Ísafjarðarhafnar er sterk í mótttöku skemmtiferðaskipa á landinu. „Það má segja að hafnirnar í Reykjavík og á Akureyri hafi vinninginn hvað varðar fjölda skipa. En Ísafjörður stendur upp úr meðal annarra landsbyggðarhafna og við höfum byggt upp þá stöðu með því starfi sem hefur verið unnið hér á liðnum árum“, segir Guðmundur.

Fjölgun skemmtiferðaskipa eykur tekjur hafnarinnar og hefur mikla þýðingu fyrir fjárhag hennar. „Ef tekjurnar af þessum skemmtiferðaskipum eru sundurliðaðar, þá sýnir sig að þriðjungur teknanna kemur til hafnarinnar í formi hafnargjalda og annarar þjónustu, um þriðjungur til ferðaþjónustuaðila á svæðinu í formi kynnisferða og slíks og um þriðjungur kemur í annarri eyðslu ferðafólksins.“

Meðaltekjur hafnarinnar á hvert skip eru um 300 þúsund krónur og segir Guðmundur að Ísafjarðarhöfn eigi mjög hægt um vik að taka á móti þessum skipum. „Fyrir okkur hér er það mjög gott að við þurfum ekki að fara út í neinar sérstakar fjárfestingar út af þessum skipum, mannvirkin eru öll til staðar. Þetta eru líka allt staðgreiðsluviðskipti þannig að það má segja að þetta sé fundið fé fyrir höfnina“, segir hann.

Guðmundur segir að með stofnun samtakanna Cruise Iceland sé stefnt að enn nánara samstarfi hafnanna þriggja og annarra hagsmunaaðila. „Helsta niðurstaða skýrslunnar sem var unnin fyrir okkur úti í Bandaríkjunum og við kynntum á Akureyri er að við munum þjappa okkur meira saman í þessu starfi. Aðalmálið er að kynna áfangastaðinn Ísland og fá skipin hingað. Það sem mun breytast með tilkomu Cruise Iceland er að við viljum að það verði einhver einn sem stýri þessari markaðssetningu og samræmi þá vinnu. Hugsanlega verður ráðinn sérstakur starfsmaður til þess. Starfið verður hnitmiðaðra þannig að hafnirnar verða boðnar fram í einum pakka“, segir Guðmundur.

Undirbúningshópur vegna framtíðarhúsnæðis GÍ

Framkvæmdir verði hagkvæmar og raski ekki skólastarfi

Undirbúningshópur vegna byggingar framtíðarhúsnæðis fyrir Grunnskólann á Ísafirði starfar af krafti en hann hélt fyrsta fund sinn 13. janúar. Bæjaryfirvöld hafa lagt áherslu á að vinnan gangi hratt. Samkvæmt erindisbréfi frá bæjarstjórn skal hópurinn ljúka störfum ekki síðar en um miðjan mars.

Á fundi hópsins fyrir skömmu var rætt hvernig þróa megi verðlaunatillögu að framtíðarhúsnæði og útfæra hana þannig, að kostnaður verði í lágmarki og nýtt verði til fulls það húsnæði sem þegar er fyrir hendi. Hópurinn telur þetta gerlegt „án þess að slakað verði á þeim metnaðarfulla ásetningi, sem lagður var til grundvallar við gerð húsrýmisáætlunar og í hugmyndasamkeppninni, þ.e að skapa Grunnskólanum á Ísafirði viðeigandi húsnæði“, eins og segir í fundargerð.

Grunnskólinn á Ísafirði.

Á fundinum voru einnig lögð fram drög að mögulegri áfangaskiptingu framkvæmda. Þar er litið til þess hvernig haga megi framkvæmdum án röskunar á skólastarfi og að ekki þurfi að koma til kostnaðarsamar lausnir við lausar kennslustofur eða annað bráðabirgðahúsnæði. Stefnt er að því að á næsta fundi starfshópsins liggi fyrir greining á framkvæmdakostnaði, að því marki sem hægt er miðað við fyrirliggjandi gögn.

Undirbúningshóp vegna byggingar framtíðarhúsnæðis fyrir Grunnskólann á Ísafirði skipa Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri, Sigurður Mar Óskarsson bæjartæknifræðingur, Kristján Kristjánsson, formaður umhverfisnefndar, og Svanlaug Guðnadóttir, formaður fræðslunefndar.

Viðkomustaður strætisvagna við Pollgötu á Ísafirði

Enn er bið eftir biðskýli

Ekki eru líkur á því að í vetur verði komið upp strætisvagnabiðskýli við Pollgötu á Ísafirði á svæðinu neðan við Hótel Ísafjörð, Stjórnsýsluhúsið og Neista. Í desember fyrir rúmu ári ritaði Sophaporn Sandra Arnórsson á Ísafirði bæjaryfirvöldum og spurði hvort ætlunin væri að koma upp skýli á þessum stað og taldi mikla þörf á því.

Fram kom í svari til hennar frá Ísafjarðarbæ skömmu síðar, að á áætlun væri að setja þarna upp skýli og málið væri til meðferðar hjá tæknideild bæjarins. „Tæknideildin er að athuga hvort til eru stöðluð skýli sem passa fyrir aðstæður við Pollgötu en mikilvægt er að skýli sem þarna verður staðsett veiti skjól fyrir fleiri en einni vindátt“, sagði í svarinu.

Biðstöðin við Pollgötuna.

Hjá Tæknideild Ísafjarðarbæjar fengust þau svör þegar spurst var fyrir um þetta mál, að ýmsar gerðir af skýlum hefðu verið skoðaðar en ekki hefði enn fundist neitt sem henta þætti. Hins vegar væri nær fullvíst að skýli yrði sett upp á þessum stað á komandi sumri. Þótt heppilegt skýli fyndist væri erfitt um vik að koma því upp meðan frost er í jörðu.

Árshátíð Menntaskólans á Ísafirði

Skari Skrípó fór á kostum

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði héldu árshátíð sína með pompi og prakt í Frímúrarasalnum á Ísafirði á föstudagskvöld. Hinn geðþekki töframaður Skari Skrípó var veislustjóri og fór á kostum með glensi og stórkostlegum töfrabrögðum.

Karlakórinn Söngvasveinar lét í sér heyra og hópur nemenda flutti þriðja þáttinn í leikverki eftir Kolbein Einarsson og Jón Gunnarsson, sem byggt er á Biblíunni og fjallar um upprisu og hnignun mannsandans. Nemendur sungu hópsöng en fagnaðinum lauk með því að stiginn var vikivaki undir stjórn skólameistarahjónanna Ólínu Þorvarðardóttur og Sigurðar Pétursonar. Nemendurnir voru hinir ánægðustu með skemmtunina og héldu að henni lokinni á dansleik með hljómsveitinni Ber í Sjallanum á Ísafirði. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is.

VEGAGERÐIN

Verk- eða tæknifræðingur Ísafirði

Staða verk- eða tæknifræðings hjá framkvæmdakaupum og eftirliti Vegagerðarinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi verk- eða tæknifræðinga.

Starfssvið:
- Eftirlit með framkvæmdum
- Vinna við útboð
- Áætlanagerð og undirbúningur vegna viðhalds verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Verk- eða tæknifræðingur
- Reynsla af jarðvinnuverkum æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Davið Freyr Oddsson (david@mannafl.is) og Nathalia D. Halldórsdóttir (nathalia@mannafl.is) hjá Mannafli. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars n.k. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls.

IMG

Mannafl
RÁÐGINGAR OG RÁÐSJÓF

Mannafl: Smiðjuvegur 72 200 Kópavogur Sími 540 7100 mannafl@mannafl.is
Mannafl: Skipagata 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

Verklokum við Djúpveg seinkar um nærri átta ár frá fyrri áætlun

Stefnumótun stjórnvalda um samgöngur ekki nógu skýr

– að mati Kristins H. Gunnarssonar alþingismanns

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Vestfirðinga, ræddi á Alþingi í síðustu viku þingsályktunartillögu að samgönguáætlun 2003-2014 sem nú liggur fyrir þinginu. Í ræðu sinni minnti hann á, að í núgildandi langtímaáætlun frá 1998 hafi verið gert ráð fyrir því að ljúka stórum framkvæmdum á Vestfjörðum á næstu árum, meðal annars veginum um Djúp árið 2006.

„Í þeirri áætlun sem hér er lögð til mun þessu ekki ljúka fyrr en árið 2014, það er taka nærri átta árum lengri tíma að ljúka því verki en áætlað var fyrir fimm árum. Það er líka verið að seinka því að ljúka veginum um Strandasýslu, milli Hólmavíkur og Brúar, um fjögur ár“, sagði Kristinn í ræðu sinni.

Kristinn taldi rétt að láta bíða seinni tíma hvort unnt verði að leggja veg um Arnkötludal í Strandasýslu yfir til Reykhólasveitar. „Það seinkar einfaldlega því sem er óhjákvæmilegt, að hafa góðan veg í Strandasýslu, að vera að velta fyrir sér öðrum valkostum“, sagði Kristinn.

Einnig minnti Kristinn á nýútkomna skýrslu um nauðsynlegar framkvæmdir á Óshlíð og Súðavíkurhlíð. Hann sagði að í þingsályktunartillögunni, þar sem framkvæmdum er deilt niður á þrjú fjögurra ára tímabil, sé ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til þeirra framkvæmda næstu fjögur árin í þeim mæli sem lagt er til í skýrslunni. Í andsvari við ræðu Kristins sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra það vera rétt, að ekki séu gerðar sérstakar tillögur um framkvæmdafjárveitingar til endurbóta á Óshlíð í samræmi við þær tillögur sem nýlega komu fram. Ráðherra sagði þetta vera meðal þess sem hann teldi að samgöngunefnd þurfi að líta til.

Kristinn H. Gunnarsson.

Í ræðu sinni gerði Kristinn athugasemd við þann lið í þingsályktunartillögunni um samgöngumál 2003-2014, sem fjallar um markmið um greiðari samgöngur. Þar segir að þær aðgerðir sem grípa eigi til felist í því að grunnnetið verði byggt upp samkvæmt tillögum um röð framkvæmda.

„Þarna tel ég að kveða eigi fastar að orðum en gert er“, sagði Kristinn. „Ég tel að það eigi að vera eitt aðalmarkmiðið í stefnumótun um greiðari samgöngur um landið að kveða á um það með skýrum hætti að það sé almenn stefna stjórnvalda og Alþingis að byggja upp vegakerfið þannig að bundið slitlag verði til allra þéttbýlisstaða landsins sem eru yfir tilgreindum mörkum, og ég hygg að menn hafi miðað við 100 eða 200 íbúa í þeim efnum í þeim vinnugögnum sem ég hef séð.

Mér finnst vanta að menn taki þessa pólitísku áherslu með skýrum hætti í stað þess að vísa henni til hliðar og vísa einfaldlega á samkomulag sem menn ná á hverjum tíma um röð framkvæmda. Það kvikna nefnilega alltaf nýjar þarfir og nýjar óskir um framkvæmdir og þær gerast hraðar en við náum að vinna á þeim sem eru í gangi.

Tilhneigingin verður því sú að til að koma nýjum framkvæmdum að er verið að ýta til hliðar og aftar í tímaröðina öðrum sem fyrr voru komnar inn. Við getum séð það með því að bera saman gildandi langtímaáætlun í vegamálum sem samþykkt var 1998 og þessa nýju tillögu sem hér liggur fyrir. Í þessa nýju eru komnar býsna margar nýjar framkvæmdir, sem leiðir til þess, af því að fjármagnið er ekki aukið í samræmi við þann fjölda sem bætist við, að einhverjar framkvæmdir tefjast óhjákvæmilega.

Af sjálfu leiðir að þá bitnar seinkunin oft helst á þeim framkvæmdum sem eru afskekktast í landinu eða hafa fæsta formælendur til að styðjast við. Þannig má sjá að áhersla sem var mjög sterk í langtímaáætlun 1998, að byggja upp vegakerfi til Vestfjarða og norðausturhornsins, er ekki eins sterk og ég vildi sjá í þessari tillögu sem liggur hér fyrir“, sagði Kristinn H. Gunnarsson í ræðu sinni á Alþingi.

Kristinn kvaðst hafa undir höndum upplýsingar um framlög til vegamála síðustu 38 árin eða frá árinu 1964. Hann sagði að þar kæmi í ljós „að framlög til vegamála á föstu verðlagi ársins 2001 hafa verið hæst síðustu þrjú árin, 1999, 2000 og 2001. Það er vel og fagnaðarefni að fjárveitingar hafi aukist frá því sem var árin þar á undan, og þessi þrjú ár hafa verið hærri en öll árin þar áður alveg aftur til 1964.“

Leikskólinn Glaðheimar í Bolungarvík

Hangikjötið og sviðasultan vinsælust

Það var kátt á leikskólanum Glaðheimum í Bolungarvík þegar nemendur og starfsfólk héldu sitt árlega þorrablót. Í boði var að sjálfsögðu allur hefðbundinn þorramatur. Starfsstúlkurnar segja að hangikjötið og sviðasultan séu vinsælust hjá börnunum en þau taki ekki síður vel í hákarlinn og harðfiskinn.

Börnin höfðu undirbúið skemmtunina vel, útbúið höfuðföt og æft söngva. Fluttu þau Þorraþræl og fleira tengt þorranum en síðan var tekin hin vinsæla syrpa Bolvíkinga – það er rok, rok, og ég ræ ekki í dag. Lesið er um þorrann upp úr gömlu þjóðsögunum svo að börnin fái tilfinningu fyrir því um hvað málið snýst og svo æfa þau lögin sem mamma og pabbi syngja á stóra þorrablótinu.

Unnið að lestun í Ludvig Andersen á Ísafirði.

Frystifraktarinn Ludvig Andersen

Lestaði fryst flök til Spánar og Portúgals

Norska skipið Ludvig Andersen, sem reyndar er skráð í Panama, kom til Ísafjarðar í síðustu viku og lestaði pækilsöltuð fryst flök sem fara til Spánar og Portúgals. Skipið tók um 500 bretti af afurðum, þar af um 300 frá Frystigeymslu Vestra ehf. en um 200 úr gámum hjá Eimskipum.

Að sögn Kára Þórs Jóhannssonar hjá Frystigeymslu Vestra er þar safnað saman afurðum frá mörgum útgerðum og fiskvinnslum, svo sem Kambi á Flateyri, Íslandssögu á Suðureyri, Hraðfrystihúsinu - Gunnvöru í Hnífsdal, bolvísku fyrirtækjunum Jakobi Valgeiri, Felli og Bakkavík og frá frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni ÍS sem HG gerir út.

Ludvig Andersen sem er um 2.500 lestir að stærð hefur verið tíður gestur á Ísafirði á undanförnum árum og kom síðast fyrir rúmum mánuði. Skipið hefur iðulega komið með rækju frá norskum togurum til vinnslu á norðanverðum Vestfjörðum en tekið afurðir til Portúgals og Spánar í staðinn.

Stuttar af bb.is

Naumt tap hjá KFÍ-stúlkum

KFÍ-stúlkur töpuðu naumlega fyrir Hamri úr Hveragerði í 2. deildinni í körfubolta kvenna á Torfnesi um helgina og eru enn í neðri hluta deidarinnar. Heimastúlkur höfðu betur framan af leiknum og náðu góðri forystu með prýðilegum stuðningi áhorfenda á heimavelli. Leikurinn jafnaðist undir lokin og að loknum venjulegum leiktíma var jafnt, 43-43. Gestirnir voru sterkari í framlengingu og sigruðu með tveggja stiga mun, 47-49.

Háskastraujað á Sólrisuhátíð

„Háskastraujun“ verður meðal dagskrárliða á Sólrisuhátíð Menntaskólans á Ísafirði eftir mánuð. Háskastraujun sem á ensku nefnist „Extreme Ironing“ er nýstárleg jaðaríþrótt og gengur út á það að fara með strauborð og straujárn á óvenjulega og jafnvel hættulega staði og strauja þar. Nemendur MÍ setja stefnuna á Þjófaskörðin í Hnífsdal þar sem þeir hyggjast fara upp og strauja. Að sögn Ingvars Alfreðssonar, menningarvita skólans, er þetta að öllum líkindum í fyrsta skipti sem íþrótt þessi er háð hérlendis. Á vefsetri erlendra háskastraujunarmanna kemur fram, að vinsælast er að háskastrauja á fjallatindum. Einnig má nefna háskastraujun á brimbretti, hangandi uppi í tré og uppi á bílþaki.

Gardínubúðin hættir rekstri

Heildverslunin S. Ármann Magnússon, sem var aðaleigandi Gardínubúðarinnar á Ísafirði, hefur lokað verslununinni. Sveinn Dal Sigmarsson hjá S. Ármanni Magnússyni segir að vefnaðarvörumarkaðurinn hafi verið að breytast og búðin hafi einfaldlega ekki staðið undir sér lengur. „Sala á fataefnum og tískuefnum hefur verið að dragast saman vegna þess að það borgar sig ekki lengur fyrir fólk að sauma miðað við það verð sem er á tilbúnum fatnaði. Það er smærri hópur í dag sem stundar saumaskap og þá fyrst og fremst til að fá útrás fyrir sína sköpunar- og hönnunarhæfileika“, sagði Sveinn Dal Sigmarsson í samtali við blaðið.

Sælkerar vikunnar

eru Ingibjörg S. Guðmundsdóttir og Guðmundur Ásgeirsson á Ísafirði

Sunnudagskjúklingur

Þar sem verð á kjúklingum undanfarið hefur verið afskaplega hagstætt finnst okkur tilvalið að gefa hér uppskrift að kjúklingarétti sem er að okkar mati einfaldur og góður.

1 kjúklingur, hlutaður sundur
3-4 msk olía af sólþurrkuðum tómötum
salt og sítrónupipar
2 msk olía af sólþurrkuðum tómötum
1 laukur
4 gulrætur
4 hvítlauksgeirar
12-14 sveppir
ferskt tímían
1 dós rjómaostur með sólþurrkuðum tómötum
5-6 sólþurrkaðir tómatar, skornir í bita
grænmetisteningur
2 dl vatn

Kjúklingurinn er kryddaður og steiktur í olíunni þar til hann hefur brúnast vel. Þá er hann settur í eldfast mót með loki og hitaður í ofni við 160°C í 40-50 mínútur. Þá er grænmetið léttsteikt í olíunni. Kryddi, rjómaosti, sólþurrkuðum tómötum og grænmetissoði bætt saman við. Blöndunni er hellt yfir kjúklinginn og hitað áfram í 20-30 mínútur.

Með þessum kjúklingarétti er upplagt að bera fram grænmetisböku og gott brauð.

Grænmetisbaka

Smjördeig (sem við kaupum nú bara tilbúið úti í búð) er flatt út og sett í eldfast bökuform. Botninn pikkaður með gaffli og bakaður þar til hann er ljósbrúnn.

Fylling:
8-10 bitar fetaostur
2-3 msk olía (af fetaostinum)
2 gulrætur, skornar smátt
spergilkál, skorið
2 kartöflur, skornar í þunnar sneiðar



1 paprika, skorin smátt
5-6 sólþurrkaðir tómatar, skornir í bita
1½ bolli vatn
1½ bolli mjólk eða kaffirjómi
1 grænmetisteningur
1 tsk basil
1 dós (110 g) rjómaostur með kryddjurtum
2 slegin egg

Til skrauts:
tómatsneiðar
rifinn ostur

Grænmetið látið meyrna í olíunni á pönnu. Allur vökvi, ásamt kryddi og teningi, settur saman við grænmetið og blandan soðin við vægan hita í 6-8 mínútur. Þá er rjómaostinum bætt út í og hann látinn bráðna. Tekið af hitanum og látið kólna aðeins. Slegin egg sett saman við ásamt fetaosti og blöndunni hellt yfir bökubotninn. Skreytt með tómatsneiðum og ostinum stráð yfir. Bakað við 180°C í u.þ.b. 30 mínútur.

Við þurftum ekki að hugsa okkur tvisvar um þegar kom að því að skora á sælkera næstu viku. Hjónin Gróa Stefánsdóttir, starfsmaður hjá Eimskip, og Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn, eru snillingar í að töfra fram ýmislegt góðgæti sem kitlar bragðlaukana. Við köstum boltanum því til þeirra.

Maður vikunnar

Neyðarlegast að lokast inni í fangabúri lögreglubifreiðar

Nafn: Hlynur Snorrason.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Mamma skaust á sjúkrahús í Reykjavík til að eiga mig, þannig að ég er „fæddur í Reykjavík“ en það segir svo sem ekki allt.
Atvinna: Lögreglufulltrúi í Lögreglunni á Ísafirði.
Fjölskylda: Eiginkonan mín er Alma Björk Sigurðardóttir og börnin eru Tinna Hrund sem er að verða 18 ára, Einar Ægir 13 ára og Helga Þuríður 9 ára.
Helstu áhugamál: Allt er lýtur að velferð í umhverfi mínu... jú, jú, músíktilraunir mínar með kassagítarinn minn með vinum mínum eru á sömu hillu.
Bifreið: Cherokee árg. 1988 og síðan eigum við Tinna Hrund eðalvagn af Daihatsu-gerð, árg. 1988.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Nýlegan jeppa.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Allt annað en lögreglumaður. Lengst af ætlaði ég mér að verða prestur.
Uppáhalds matur? Kjúklingaréttirnir hennar Ölmu og svo margt annað sem hún eldar. Reyndar þoli ég ekki fiskibúðing, kannski af ákveðinni ástæðu sem mér finnst ekki rétt að nefna, en Alma ber ábyrgð á.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Gellur og einhver sérstök veislumáltíð sem var á boðstólum í höfuðstöðvum Skotland Yard í London.
Uppáhalds drykkur? Íslenskt vatn.
Uppáhalds tónlist? Ég held mikið upp á Sálina hans Jóns míns og þá eru Creedence Clearwater Revival í uppáhaldi, Mark Knopfler og fleiri.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Þeir íþróttamenn sem ná árangri án svindls, s.s. með inntöku ólöglegra lyfja eru í uppáhaldi hjá mér, í hvaða íþrótt sem er. Uppáhalds liðið mitt í ensku knattspyrnunni er Arsenal og hefur verið það síðan mágur minn heitinn gaf mér búning liðsins þegar ég var kornungur. Nú kemur sér vel að halda með þessu liði.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Mótorsport og fleiri slíkir þættir. Í fyrstu fannst mér Vinir vera slepjulegt sjónvarpsefni en börnin mín hafa eiginlega kennt mér að horfa á þessa þætti og mér finnst þeir fínir.
Uppáhalds vefsíðan? Tvímælalaust bb.is (nú er ég ekkert að þykjast).
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Ég gleymi nánast um leið hvað myndirnar heita en mikið sitja í mér myndir eins og Deer Hunter.
Fallegasti staður hérlendis? Þeir eru margir. Við hjónin ásamt bróður og mágkonu og einum vinahjónum höfum gengið á Hornstrandir á hverju sumri undanfarin ár og ég er alltaf að sjá nýja og fallega staði hérna fyrir vestan. Auðvitað finnast mér Eyjafjöllin og Mýrdalurinn falleg líka.
Fallegasti staður erlendis? Ég er eiginlega blankur hér, man ekki eftir neinum sérstökum.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei, en ég myndi t.d. aldrei ganga undir svartan kött og yrði ekki um sel ef stigi hlypi í veg fyrir mig.
Uppáhalds heimilistækið? Eldavélin, þegar Alma er að elda eitthvað gott og svo uppþvottavélin.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Vera með fjölskyldunni, í góðum vinahópi, sjá árangur af því sem ég er að gera o.s.frv..
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Tvímælalaust óheiðarleiki.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Slappa af og gera eitthvað allt annað en ég geri daglega.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já... það er ekki spurt um hver hann sé.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Eitt það neyðarlegasta var þegar ég í leiðinda veðri lokaðist inni í fangabúri lögreglubifreiðar uppi á Engjavegi, skömmu eftir að ég byrjaði hérna í lögreglunni. Þá bjargaði góð kona mér, opnaði fyrir fangelsaða lögreglumanninum. Konunnar vegna vil ég ekki nefna nafn hennar, en þetta er virðuleg kona hér í bæ, sem mér þykir ákaflega vænt um, ekki bara vegna þess að hún kom mér út úr þessari neyðarlegu klípu. Kynntist henni betur eftir þetta.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ég held að einn dagur myndir ekki skipta miklu máli svo hefur mér verið sagt að það sé bæjarstjórn og bæjarráð sem ráði meira ferðinni þannig að bæjarstjórinn er ekki einráður.
Lífsmottó? Þau eru mörg mottóin, en líklega hlýtur það að vera að skilja tilgang lífsins og lifa því lifandi.

Starfshópur um íþróttahús og félagsheimili á Suðureyri

Vilja skoða kostnað við nýjan 15x20 m íþróttasal

Skýrsla unnin af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST) á Ísafirði um væntanlegan kostnað við byggingu á nýjum sal við félagsheimilið á Suðureyri var lögð fram á fundi starfshóps um byggingu íþróttahúss og framtíðarnotkun félagsheimilisins á Suðureyri. Einnig var lögð fram tillaga Elísabetar Gunnarsdóttur arkitekts á Ísafirði frá því í mars 2000 um nýtt íþróttahús á skólalóðinni á Suðureyri. Á fundinum var ákveðið að fela byggingarfulltrúa að athuga kostnað við byggingu minni íþróttasalar, þar sem útgangspunkturinn væri stærðin 15x20.

Gæti þar verið um að ræða stálgrindahús, límtréshús eða hvað annað sem væri til þess fallið að henta aðstæðum. Jafnframt var byggingarfulltrúa falið að kanna nánar ástand félagsheimilisins með tilliti til þess að það yrði jafnvel gert upp á einhvern hátt.

Í áðurnefndri skýrslu VST koma fram tvær mismunandi tillögur um nýjan sal við félagsheimilið.

Önnur tillagan gengur út á að breyta gamla salnum, stækka hann til vesturs og rífa skúr í porti og bílskúr áfastan gamla kaupfélagshúsinu. Rifið húsnæði yrði um 60 fermetrar og nýbyggt 212 fermetrar. Kostnaður er áætlaður 43,4 milljónir króna.

Hin tillagan gengur út á að rífa núverandi sal og fyrrnefnda skúra og byggja nýjan sal ásamt búningsaðstöðu. Rifið húsnæði yrði um 225 fermetrar og nýbyggt 420 fermetrar. Kostnaður er áætlaður 65,8 milljónir króna.

Tillaga Elísabetar Gunnarsdóttur um nýtt íþróttahús á skólalóðinni hljóðar upp á 665 fermetra sal ásamt búnaði til samkomuhalds. Fermetraverð yrði um 130 þúsund krónur miðað við að baðklefar sundlaugarinnar yrðu nýttir. Áætlað er að húsið myndi kosta um 86,5 milljónir króna og tengibyggingar og búnaður, frágangur lóðar og fleira 15,5 milljónir þannig að kostnaður samtals losaði 100 milljónir króna. Kostnaður við minna hús eða um 500 fermetra stórt er áætlaður um 65 milljónir þannig að heildarkostnaður ásamt áðurgreindum þáttum yrði um 80 milljónir króna.

Á fundi starfshópsins var rætt hvort fá ætti álit ákveðinna hagsmunaaðila á viðfangsefninu en ákveðið var að gera það ekki að svo stöddu.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Bjarneyjar Ingibjargar Ólafsdóttur
Hlíf II, Ísafirði

Magni Örn Guðmundsson — Svanhildur Þórðardóttir
Anna Lóa Guðmundsdóttir — Gunnlaugur Einarsson
Þórdís Guðmundsdóttir — Halldór Guðmundsson
Sveinn Guðmundsson — Bergljót Ása Haraldsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Þorrablót á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði

Árgangspungar á borðum

Boðið var upp á gnægtaborð á þorrablóti Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði í hádeginu á föstudaginn. Tíðrætt hefur verið um hrútspungaleysi í landinu og jafnvel í heiminum en því var ekki að til dreifa þar. „Við vorum með óvenju mikið af pungum, meira að segja þrjár tegundir. Í fyrsta lagi voru þessir venjulegu og svo vorum við með vestfirsku pungana sem eru súrsaðir í skyrmysu. Að auki vorum við með eina fötu síðan í fyrra sem við kjósum að kalla árgangspunga. Þeir voru orðnir vel súrsaðir“, sagði Birgir Jónsson, matreiðslumeistari á sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Verulega léttur og skemmtilegur andi ríkti á þorrablótinu og segir Birgir að sérstaklega hafi framganga harmonikuleikaranna mælst vel fyrir, en þeir spiluðu þorralög undir málsverðinum. Birgir segir að fólk hafi notið matarins vel enda hafi ráðstafanir verið gerðar á stofnuninni til að allir gætu mætt í mat á sama tíma. „Það var hnikað til í dagskránni hérna hjá okkur og gefinn rýmri hádegismatartími í tilefni dagsins.“

Ekki leyndi sér að starfsfólk jafnt sem vistfólk sjúkrahússins var afar ánægt með hvernig til tókst. „Þetta er mikil tilbreyting. Starfsfólkið hérna tók virkan þátt í gleðinni og dansaði með sjúklingunum. Það var virkilega gaman að sjá hvað fólkið var ánægt með þetta og hresst. Sennilega verða bara allir útskrifaðir á morgun“, sagði Birgir Jónsson, matreiðslumeistari.

Óperusöngkona af yngri kynslóðinni treður upp í Hömrum um helgina

Vala Guðnadóttir er rammvestfirsk en kemur sjaldan vestur

Tónlistarfélag Ísafjarðar gengst um helgina fyrir söngtónleikum í Hömrum á Ísafirði. Þar kemur fram Valgerður Guðnadóttir óperusöngkona en hún hefur getið sér gott orð þrátt fyrir ungan aldur. Undirleik annast Daði Sverrisson, en hann er sonur Sverris Guðjónssonar kontratenórs og á því ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana. Dagskráin verður fjölbreytt og aðgengileg.

„Þetta er alls ekki þungt prógramm hjá okkur“, segir Valgerður. „Lagavalið er nokkuð blandað og heldur í léttari kantinum. Fyrir hlé er ætlunin að flytja íslensk lög og þar verðum við með þessar íslensku perlur sem allir þekkja, að minnsta kosti velflest lögin. Eftir hlé ætlum við að bjóða upp spænsk, frönsk og þýsk lög í bland við nokkrar góðar óperuaríur. Þannig ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Valgerður, sem jafnan er kölluð Vala, hóf nám við Söngskólann í Reykjavík átján ára að aldri undir leiðsögn Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur. Í námi sínu naut hún undirleiks Kolbrúnar Sæmundsdóttur. Frá Söngskólanum útskrifaðist Vala með 8. stig árið 1998 og í framhaldi af því lagði hún stund á klassískt söngnám við Guildhall School of Music and Drama í London.

– Hvað hefurðu helst tekið þér fyrir hendur í söngnum?

„Ég hef sungið töluvert og tekið allt mögulegt fyrir. Þegar ég var yngri var ég mikið í söngleikjamúsíkinni. Ég tók þátt í uppfærslum í Verzló þegar ég var þar og svo söng ég í uppfærslunni á West Side Story í Þjóðleikhúsinu og í Rocky Horror Show í Loftkastalanum. Eftir að ég kom að utan hef ég meðal annars unnið með Guðmundi Péturssyni gítarleikara. Við settum saman dagskrá með bandarískri þjóðlagatónlist og síðar íslenskum ættjarðarlögum. En ég hef líka verið mikið í klassíkinni. Til dæmis fór ég með hlutverk Belindu í óperunni Dídó og Aeneas í uppfærslu Sumaróperunnar í Borgarleikhúsinu. En ég hef líka sinnt söngleikjamúsíkinni mikið.“

Vala á ættir sínar að rekja til Vestfjarða og Noregs. „Ég er ættuð úr Strandasýslunni og úr Önundarfirðinum. Báðir afar mínir eru úr Strandasýslu, annar frá Hólmavík og hinn frá Kaldrananesi. Önnur amma mín er frá Hjarðardal í Önundarfirði en hin amma mín er norsk“, segir hún.

– Stendur mikið til hjá þér í tónleikahaldi á árinu?

„Það hefur nú ekki verið

mjög mikið um tónleikahald hjá mér undanfarið en mér finnst alltaf mjög gaman að koma fram á tónleikum. Á næstunni er ætlunin að halda tónleika á Seltjarnarnesi, sem verða eins konar gala-óperukonsert. Það stóð nú jafnvel til hjá mér að fara með tónleikaprógramm um landið á komandi sumri en það á allt eftir að koma í ljós. Það var nefnt við mig fyrir jól að halda tónleika á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar þannig að núna kýli bara ég á það að skreppa vestur.“

Vala segir að tónleikarnir um helgina leggist vel í sig. „Það er langt síðan ég hef komið vestur og ég vona bara að ég hafi einhvern tíma til að skoða mig um. Það er alltaf virkilega gaman að leggja land undir fót. Það eina sem ég hef áhyggjur af er að það sé svo mikið um að vera að enginn hafi tíma til að koma á tónleika!“ segir Valgerður (Vala) Guðnadóttir óperusöngkona, sem mun skemmta Ísfirðingum og nærsveitungum með söng sínum í Hömrum.

Bolungarvík

Löggiltir endurskoðendur í pósthúsið

Starfsstöð Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum í Bolungarvík hefur keypt gamla pósthúsið við Aðalstræti og flytur starfsemi sína þangað núna um miðjan þennan mánuð. Starfsstöðin er nú í leiguhúsnæði á efri hæð Verkalýðshússins við Hafnargötu.

Verktakafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði hefur unnið að breytingum á neðri hæð Pósthússins þar sem skrifstofur endurskoðunarinnar verða en húsnæðið hefur staðið autt á annað ár. Á efri hæð hússins er hins vegar íbúð og verður hún ekki tekin undir starfsemina að svo komnu máli.

Pósthúsið í Bolungarvík var lagt niður í desember fyrir rúmu ári þegar Sparisjóður Bolungarvíkur tók við póstþjónustunni á staðnum. Forstöðumaður starfsstöðvar Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum í Bolungarvík er Jón Þorgeir Einarsson, löggiltur endurskoðandi.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Starf við ræstingar

Hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ er laus 100% staða starfsmanns í ræstingu frá 1. mars nk. Vinnutími er frá kl. 07:30 til 15:30 alla daga. Tveir frídagar eru í viku, þar af önnur hver helgi.

Í starfinu felst m.a. ræsting, stærri hreingerningar og býtibúrsvinna á legudeildum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnanasamningi HSÍ. Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Frekari upplýsingar gefur Guðrún Kristjánsdóttir, ræstingastjóri í síma 450 4500. ***Umsóknarfrestur*** *er til 20. febrúar 2003.*

Athugið að störf hjá stofnuninni eru auglýst á starfatorg.is.

Skarphéðinn Jónsson tók við starfi skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði nú í sumar. Áður var hann annar tveggja aðstoðarskólastjóra frá því hann kom til Ísafjarðar um mitt sumar 2000. Skarphéðinn er einkabarn, fæddur og uppalinn í Kópavogi. Hann gekk þar í barnaskóla, gagnfræðaskóla og síðan í Menntaskólann í Kópavogi þaðan sem hann lauk stúdentsprófi. „Ég fór í Kennaraháskólann, ég veit ekki alveg af hverju. Það kom tvennt til greina. Ég hafði hug á því að fara í íslensk fræði í Háskólanum, hafði áhuga á bókmenntum og þess háttar, en einhvern veginn þá endaði ég í Kennaraháskólanum“, segir Skarphéðinn. Eftir útskrift frá Kennaraháskólanum starfaði hann við grunnskólakennslu í Reykjavík um fimm ára skeið við Seljaskóla og Fellaskóla, sem hann segir hafa verið dýrmæta reynslu. „Þetta eru stórir skólar og voru enn stærri þá. Seljaskóli var þá um 1.200 nemenda skóli, að vísu tvísetinn í þá daga, og þar var gaman að vera. Ég var nú óttalegt borgarbarn og fannst ég vera kominn upp í sveit þegar ég keyrði upp Ártúnshöfðann“, segir Skarphéðinn og finnst það greinilega vera brosleg tilhugsun. „Samt sem áður blundaði í mér löngun að fara eitthvað út á land að kenna.“

Einkunnirnar mæla ekki alla þætti skólastarfsins

– rætt við Skarphéðin Jónsson, skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði

Svo fór að Skarphéðinn réð sig til kennslu á Suðurnesjunum, í Sandgerði, þar sem hann dvaldi í tvö ár. „Þar var mjög gott að vera og þar réðst framtíðin, því þar kynntist ég konunni minni, Guðríði Guðjónsdóttur, en hún er Strandamaður. Svo lá leið okkar frá Sandgerði og norður á Strandir og vorum við í níu ár á Hólmavík. Ég vissi varla hvar Hólmavík var á landinu á þessum tíma og þótti afskaplega langt og strangt ferðalag að aka þangað frá Reykjavík. En þannig atvikaðist þetta að skólastjórastaðan losnaði á Hólmavík og ég sótti um og fékk starfið og konan mín var ráðin sem leikskólastjóri við leikskólann á Hólmavík.“

– Kemur þetta strax fram í mönnum að vilja vera skólastjóri?

„Ég veit það ekki. Að minnsta kosti ekki í mínu tilviki. Það má kannski segja að þegar maður er búinn að starfa sem kennari í einhver ár, þá leiðir eitt af öðru og maður finnur ef til vill þörf hjá sér til að takast á við öðruvísi krefjandi starf. Ég held að þetta sé ekki beint framapot heldur bara einhver þróun. Manni líður vel í starfi og langar til að prófa eitthvað nýtt og ögrandi og þróast lengra. Þegar ég tók við skólastjórastöðunni á Hólmavík, þá vissi ég ekkert hvernig skólastjórastarfið væri.

Auðvitað hafði ég kynnst mörgum skólastjórum og fengið að reyna hvernig þeir starfa og vissi nokkuð um það hvað þeir voru að sýsla. En maður veit það aldrei almennilega fyrr en maður stendur í því sjálfur. Þetta er bara eitt skref sem maður tekur í einu og mann langar til að takast á við eitthvað nýtt, eitthvað öðruvísi. Kannski myndi manni líka vel við það og kannski ekki. Það væri þá ekkert mál að bakka út úr því. En svo bara gekk það upp og gengur ágætlega“, segir Skarphéðinn.

Fer ekki á skíði

Guðríður eiginkona Skarphéðins er leikskólakennari á Sólborg á Ísafirði. Það má því að segja að þetta sé kennarafjölskylda. Þegar Skarphéðinn kynntist Guðríði átti hún eina dóttur fyrir. Hún býr á Suðureyri og var flutt þangað nokkru áður en þau Skarphéðinn og Guðríður komu til Ísafjarðar. Þau eiga saman þrjá stráka. „Við eignuðumst einn strák rétt áður en við fluttum á Hólmavík og svo eigum við tvo átta ára stráka, tvíbura, þannig að við erum rík“, segir Skarphéðinn.

– Hvernig hafið þið fundið ykkur á Ísafirði?

„Við kunnum mjög vel við okkur hérna. Þetta er það stórt bæjarfélag að það er sjálfu sér nægt um flesta þá þjónustu sem flestir þurfa dags daglega á að halda. Það er hér allt af öllu, nema maður hafi einhverjar sérþarfir eins og gengur og gerist. Þannig að þetta er mjög þægileg stærð af bæjarfélagi hvað það snertir.

– Dettið þið inn í hefðbundin áhugamál Ísfirðinga, skíði, tónlist eða annað slíkt?

„Nei, það má eiginlega segja að svo sé ekki. Strákarnir eru reyndar miklir íþróttamenn, eru alltaf í fótbolta og þess háttar og hafa mikið gaman af því. En það má alveg segja að það fari lítið fyrir svona fjölskylduáhugamálum hjá okkur. Ég hef aldrei á skíði stigið og hef svo sem engan áhuga á því. En þetta er erilsamt starf, dagar stundum langir eins og gengur og þetta er bara nóg, finnst mér. Einhvern veginn hef ég ekki þörf fyrir tímafrek eða mörg áhugamál. Þetta er kannski eins og gömul klisja en það má eiginlega segja að fjölskyldan sé áhugamálið. Þegar ég er búinn í vinnunni, þá tekur fjölskyldulífið við og það fyllir þetta tómarúm sem eftir er. Það er ekkert flóknara en það. Auðvitað hef ég áhuga á hinu og þessu en ég er ekkert í neinu sporti eða þess háttar.“

– En hver eru þá hugðarefnin?

„Ég hef fyrst og fremst reynt jafnt og þétt að bæta við mína menntun. Á sínum tíma fór ég í Kennaraháskólann og náði mér í kennararéttindi en maður þarf líka að viðhalda þeim. Ekki endilega réttindunum sem slíkum, heldur þarf maður að viðhalda sjálfum sér í faginu. Ég held að það sé þörf á þessu í öllum starfsgreinum. Hvort sem þú ert smiður eða læknir eða hvað sem þú starfar við, þá er mjög mikilvægt að menn sæki námskeið eða bæti við sig framhaldsnámi þó ekki sé nema til að viðhalda kunnáttu sinni og færni. Ég tala nú ekki um að bæta við hana og auka faglega víðsýni, ef svo má segja. Ég lauk í sumar stjórnunarnámi í Kennarháskólanum, tveggja ára námi, og hugsanlega held ég áfram í meistaraprófið, það eru tvö ár eftir í það. Í millitíðinni fór ég í Kennaraháskólann og tók ökukennarapróf, þannig að leið mín liggur alltaf aftur og aftur í Kennaraháskólann. Ég á greinilega erfitt með að slíta mig þaðan.“

Fjölmennur vinnustaður

– Þú segir að dagarnir séu oft langir. Hvernig starf er þetta, er mikil pressa á þér?

„Þetta er misjafnt. Dagarnir geta orðið langir stundum, það fer bara eftir því hvað er á döfinni hverju sinni. Skólinn er afar fjölmennur vinnustaður og margt getur kallað á. Ég er kannski ekki að tala um einhverjar uppákomur með einstaka nemendur, því oftar en ekki er tekið á þeim eftir ákveðnum leiðum sem skólinn hefur yfir að ráða. En ef það eru einhverjar uppákomur í samfélaginu eins og varðandi skólamálin, þá getur þetta verið töluvert stressandi. Þetta er líka svolítið óreglulegur vinnutími. Maður er auðvitað í skólanum á venjulegum vinnutíma en svo koma tarnir, fjárhagsáætlanir, skipulagsmál eða önnur verkefni og þá geta dagarnir orðið langir og helgarnar hverfa. Svo eins og í sumar þegar ég var að taka við nýju starfi. Þá var sumarfríið ekki neitt en það er bara eðlilegt miðað við aðstæður að sjálfsögðu.“

– Hvernig kanntu við þig hérna í Grunnskólanum á Ísafirði?

„Ég kann vel við mig, hér er metnaðarfullt starfsfólk og frábærir krakkar. Þetta er vissulega heilmikill vinnustaður, það eru 80 starfsmenn sem koma hérna að þannig að þetta er sjálfsagt einn stærsti vinnustaðurinn á svæðinu. Það eru svo 560 börn til viðbótar.“

– Hvernig finnst þér umhverfið hérna, hvernig hafa foreldrarnir mætt þér?

„Ég verð ekki var við annað en að fólk sé mjög jákvætt í garð skólans. Auðvitað er það ekkert einhlítt og heldur ekkert sjálfgefið. En mér finnst fólk almennt mjög jákvætt og ég held að skólastarfið hafi verið í mjög jákvæðri þróun undanfarin ár. Þannig held ég að aðkoma foreldra að skólastarfinu sé mjög góð. Svo er það önnur spurning hvað foreldrarnir eru virkir í samstarfinu. Það er auðvitað sveiflukennt, það koma ár þar sem lítið fer fyrir foreldrasamstarfi og svo önnur þar sem sambandið er virkara. Síðan er þetta misjafnt eftir bekkjum og árgöngum. Hvað sem um það má segja, þá held ég að aðkoma foreldra að skólanum sé almennt mjög jákvæð.“

– Finnst þér viðhorf samfélagsins hér til menntunar vera jákvætt?

„Já, það finnst mér og ég held að fólk geri sér kannski betur grein fyrir þýðingu menntunar í dag en áður var þegar togarar og frystihús voru hér út um allt og atvinnuumhverfið var allt öðruvísi. Þú gast nánast gengið beint úr grunnskóla og farið á sjóinn og fengið margföld laun kennara. Þetta er liðin tíð og þetta umhverfi hefur allt breyst. Ég held að fólk geri sér miklu betur grein fyrir því í dag, að það er nánast nauðsynlegt að hafa einhverja grunnmenntun til að byggja á sem veganesti til framtíðar.“

– Hvernig finnst þér Grunnskólinn á Ísafirði standa sig?

„Það má alltaf gera betur og við verðum að vera vakandi fyrir því að gera betur. Það á auðvitað að vera keppikefli fyrir okkur, hvort sem við náum góðum árangri eður ei, að stefna að því að bæta okkur. Skólinn hefur bætt sig t.d. ef við erum að tala um einkunnir í samræmdum prófum. Auðvitað er það sveiflukennt og það verður alltaf sveiflukennt. Þetta er ekki bein lína upp eða niður. Aðalatriðið er það að við séum í sókn og ég held að skólastarfið hafi verið það undanfarin ár. Tölurnar sýna það meðal annars.“

Talan lifir

Það dylst engum sem ræða skólamál við Skarphéðin að hann vill að farið sé rétt með tölfræðniðurstöður um skólana og nemendur þeirra. „Við þurfum að hafa í huga að umhverfið í samræmdu prófum er orðið svolítið breytt. Í dag eru samræmdu lokaprófin orðin sex talsins í 10. bekk. Og þau eru orðin valfrjáls, sem þýðir það að nemandi sem ekki treystir sér í einhver ákveðin próf sleppir þeim. Svo er þetta misjafnt á milli skóla, sumir skólar pressa mjög mikið á að nemendur taki öll próf meðan aðrir skólar leggja áherslu á það að nemendur taki bara þau próf sem

að þeir treysta sér til. Foreldrahópurinn hefur líka sitt að segja. Viðhorf í samfélaginu geta verið á þann veg að nemendur eigi almennt að taka öll prófin. Ég tel að samanburður á einkunnum úr samræmdum prófum milli skóla í dag sé orðinn nokkuð hæpinn. Þú ert ekkert að bera saman sambærilegar stærðir í öllum tilvikum.

Ef við tökum skóla A fara kannski 95% nemenda í öll próf en í skóla B fara bara 90% í stærðfræði og íslensku og 70% í dönsku og svo framvegis. Það er svo og svo stór hluti nemenda sem gengst ekki undir prófin og það eru væntanlega þeir nemendur sem hafa ekki erindi í þau. Maður getur nokkurn veginn sagt sér það. Ef einhver nemandi ákveður að fara ekki í próf, þá er það væntanlega vegna þess að hann hefur ekki forsendur til að fara í það próf eða stendur höllum fæti í námsgreininni."

– Heldurðu að við séum jafnvel að ofnota þennan samanburð eða gera of mikið úr honum?

„Já ég held það. Ég held að við séum svo sannarlega að ofnota hann og ég held að við séum oft á tíðum að lesa miklu meira út úr honum en efni standa til – og aðrar upplýsingar. Til dæmis má nefna, að síðustu daga höfum við verið að ræða um 4. og 7. bekk. Námsmatsstofnun er nýbúin að opinbera tölur úr þeim prófum. Við þurfum ekkert að vera óánægð með okkar stöðu þar þó að maður vilji alltaf gera betur og þannig á það auðvitað að vera. Vestfirðir hafa sýnt framfarir, en það sem vekur athygli mína er að í sumum skólum eru frávikin mun meiri en annars staðar.

Frávik eru þau tilfelli þegar nemandi fer í samræmt próf á einhverjum öðrum forsendum en hinum samræmdu. Nemandinn fær t.d. lengri tíma, prófið er lesið upp eða einhver önnur aðstoð veitt. Hér í Grunnskólanum á Ísafirði eru frávikin í þessum prófum um eitt til fjögur prósent á síðasta ári, sem þýðir að örfáir nemendur í árganginum þreyta prófið á öðrum forsendum en heildin. Í sumum skólum eru frávikin 30–40% og jafnvel hærri.

Það er aldrei talað um það í fréttaflutningi hvað margir nemendur eða stórt hlutfall nemenda taka prófin á öðrum forsendum en þessum samræmdu forsendum. Þegar við erum að bera saman sömu einkunn milli skóla er kannski gjörólíkt landslag sem býr undir á hvorum stað. Í öðrum skólanum taka nær allir prófin á hinum samræmdu forsendum en kannski bara 70% í hinum. Þessum tölum, þ.e. einkunnunum, er skellt fram og það eru þær sem lifa í hugum fólks. Mikið er þessi skóli góður og voðalega er hinn slæmur – en það fylgir bara ekki með hvað stendur þarna á bak við."

Prófin gagnleg ef rétt er með farið

– Varðandi samræmdu prófin eins og einkunnaskalinn er settur upp á þeim, þá verða alltaf jafnmargir fyrir ofan meðaltal og neðan, sama hvaða framfarir verða í skólamálum. Hvað finnst skólamönnum um þetta?

„Ég held að það sé nokkur sátt um þess normalkúrfureikninga. Þetta var umdeilt áður fyrr þegar þetta var nýtt, af því að fólk vissi í raun og veru ekki hvað eða hvers konar útreikningar þetta voru.

Í fyrsta lagi eru þetta lægri tölur en við eigum að venjast. Kvarðinn er stilltur frá einum og upp í níu. En ég heyri ekki í dag að fólk sé ósátt við þennan mælikvarða. Ég held að það sé enginn betri mælikvarði til ef við ætlum á annað borð að mæla þetta og ég er alveg sammála því að auðvitað verða að vera einhver samræmd próf yfir landið.

En einhvern veginn finnst mér samt að það sé verið að ofnota þau. Að þau stýri hreinlega skólastarfinu sums staðar. Þetta er jafnvel farið að stýra kennslunni. Maður heyrir dæmi þess að kennslugreinar séu lagðar til hliðar af því að það er verið að leggja ofuráherslu á samræmdu greinarnar til þess að koma vel út úr þessu mati. Þegar þetta er farið að líta svona út, þá held ég að það mætti endurskoða þetta fyrirkomulag. En kannski finnst ekkert betra. Að mínu viti mætti skoða það fyrirkomulag að leggja prófin þannig fyrir, að menn viti ekki fyrir fram hvaða próf á að leggja fyrir. Þannig að það sé bara slembiákvörðun sem ræður því hvaða próf verða lögð fyrir það vorið. Þetta eru nú bara hugrenningar en orð eru til alls fyrst. Þetta myndi kannski koma í veg fyrir markvissa kennslu í átt að samræmdum prófum.

– Er einhver hætta á því í skólastarfi í landinu, að við förum að kenna börnum í auknum mæli að fá góða einkunn á þessum prófum á kostnað þess að undirbúa þau fyrir lífið?

„Já, það er engin spurning, og auðvitað gleymist það stundum að samræmd próf mæla bara ákveðinn hluta skólastarfsins. Vissulega mikilvægan þátt, ekki skal dregið úr því. En það er margt annað sem skiptir máli. Hugsaðu þér þætti eins og skólaandann og skólamenninguna. Hún er hvergi mæld. Hvernig er umgengni nemenda í þessum skóla? Eða bara hegðun og framkoma? Þú getur komið í einhvern skóla og þar er allt útkrotað og niðurrifið og fráhrindandi. Svo kemurðu í næsta skóla og þar er allt glansandi fínt og í réttum skorðum. Þarna er bara allt önnur menning og þetta er ekkert verið að meta. Þú ert bara að meta það hvort nemandinn kann prósentureikning eða eitthvað þess háttar, sem er bara mjög afmarkaður þáttur af starfinu."

– En þessi hlið samræmdu könnunarprófanna sem snýr að foreldrunum – nú er þetta heilmikið niðurgreint mat á frammistöðu nemendanna. Hvernig finnst þér fólk taka á móti þessu? Er þetta gagnlegt?

„Já ég held það, að minnsta kosti ef að fólk tekur þessu ekki eins og einhverjum Stóradómi. Ég ætla ekkert að vera að draga úr mikilvægi samræmdra prófa þó að mér finnist menn hafa verið að misnota þau, mistúlka og rangtúlka. Samræmd könnunarpróf eru mjög gagnlegt tæki fyrir skólana og fyrir foreldrana, því að þau gefa okkur til kynna hvar viðkomandi barn er statt í samanburði við önnur börn á landsvísu á sama aldri. Svo eru námsgreinarnar líka greindar niður í efnisþætti, þannig að fólk sér hvernig börn þeirra koma út í hinum ýmsu undirþáttum námsgreinarinnar.

Þetta er gagnlegt, ég er alveg sannfærður um það. En maður verður líka að vinna með það. Niðurstöður þessara efnisþátta geta gefið okkur vísbendingu um það hvar skórinn kreppir. Upphaflegur tilgangur þessara prófa að meta stöðu á tilteknum tíma í þeim tilgangi að vera skólunum og foreldrum til leiðsagnar inn í framtíðina. Ef menn nota það svoleiðis, þá er tilganginum náð, en maður veit að umræðan er oft bara á öðrum nótum. Skólar eru í sumum tilvikum dæmdir eftir þessum einkunnum án þess að nokkuð sé verið að skoða forsendur þessara einkunna. Þetta er í sumum tilvikum eins og verið sé að bera saman epli og appelsínur."

Skólaandinn skiptir miklu máli

– Geturðu sagt okkur eitthvað frá því hvaða hugmyndafræði þú keyrir á í þinni vinnu?

„Hvað á maður að segja? Það er ekki verið að keyra eftir stefnu einhvers fræðimanns úti í heimi.

– En hvaða gildi eru lögð til grundvallar?

„Í fyrsta lagi finnst mér nauðsynlegt að leyfa kennurum að njóta sín, það er að segja að það sé ekki svo stíft aðhald eða svo stífar og ósveigjanlegar reglur eða kröfur að menn hafi ekkert svigrúm til að njóta sinna eiginleika. Mér finnst mjög nauðsynlegt að kennarar hafi þetta svigrúm. Kennarar hafa fagþekkinguna og þeir eru best til þess fallnir að dæma um það hvernig þeir geti nýtt hana í þágu nemenda. Auðvitað verða þeir að starfa í samræmi við stefnu skólans og ákvæði aðalnámskrár. En þeir eiga að hafa svigrúm til þess að nálgast nemendur á þeim forsendum sem þeir telja réttar. Skólastjórnendur eiga að fylgjast með, hafa auga með og grípa í taumana ef eitthvað er öðruvísi en það á að vera.

Einnig finnst mér mjög mikilvægt að skóli komi sér upp ákveðnum skólaanda eða menningu, að við leggjum rækt við okkar sérkenni. Við þurfum ekki að vera eins og einhver skóli í Reykjavík eða skóli á Akureyri. Skólar búa við ákveðnar aðstæður og hvert samfélag hefur sín menningarlegu sérkenni. Hér höfum við ákveðnar hefðir og venjur. Sem dæmi var þorrablót hjá okkur um daginn en það er áralöng hefð fyrir því að foreldrar 10. bekkjar standi fyrir þessum viðburði. Mér finnst mjög mikilvægt að varðveita svona þætti í skólastarfinu okkar, af því að þetta er partur af þessari menningu, partur af því að vera Ísfirðingur og búa hérna. Skólinn hefur ávallt haldið fullveldishátíð 1. desember og haft ákveðið form á árshátíð, svo dæmi séu tekin.

Þrátt fyrir mannaskipti, sem verða alltaf bæði hjá stjórnendum og kennaraliði, þá er mjög mikilvægt að halda þessum sérkennum. Í þessu meðal annars felst það að vera Ísfirðingur. Hugsaðu þér ef einhver tæki upp á því að afleggja Sólarkaffi Ísfirðinga af því að það væri orðið hallærislegt. Ef það kæmi nýr bæjarstjóri sem segði: Við erum hætt þessu, svona gera menn ekki á Akureyri eða í Reykjavík, þetta er hallærislegt. Gott og vel, við gætum alveg hætt að hafa Sólarkaffi, en við værum líka fátækari á eftir."

– Þetta er sjálfsagt orðin alger klisja, en það hefur verið talað um að við Íslendingar séum óagaðir og að það endurspeglist í agalausum nemendum í skólum.

„Já, það er auðvitað rétt að vissu leyti, auðvitað birtist það hjá börnunum. Það er alveg ljóst. Fyrir rúmum tveimur árum fór ég í ferð til Bandaríkjanna og heimsótti þar fjölmarga skóla í Pennsylvaníu. Það sem vakti athygli mína um leið og maður gekk inn fyrir dyr í þessum skólum, var aginn og rólegheitin. Það var alveg ótrúlegt að sjá þennan aga, það var ekki hlaupið eftir göngum, það var gengið og menn gengu hægra megin – ekki á miðjunni eða vinstra megin, heldur hægra megin. Ef gangar lágu saman, þá var bara vikið eftir hægri reglunni. Þetta voru venjulegir ríkisskólar, reyndar í ágætis hverfi. Þarna er aginn allt annar.

Íslendingar eru svolítið agalaus þjóð, það er alveg ljóst, og þegar ég segi Íslendingar, þá á ég ekkert bara við fullorðna fólkið, heldur börnin líka. Öll vandamál sem við eigum við að etja sem fullorðið fólk koma inn í skólann með börnum okkar. En þessu agaleysi fylgir líka ákveðin jákvæðni, af því að krakkarnir eru ekki þvingaðir hvað varðar samskipti við kennara eða skólastjórnendur. Það er mikilvægt líka, það er eiginleiki sem við viljum halda í. Við viljum ekki halda uppi heraga í skjóli einhvers ótta þar sem krakkarnir þora ekki að tjá sig af ótta við að fá einhverjar ákúrur eða þess háttar. Auðvitað viljum við að börnin þori að tjá sig og megi tjá sig og eigi að gera það. En stundum er misbrestur á því, það er alveg ljóst. Millivegurinn er vandfundinn í þessum efnum."

„Ég vildi svo mjög gjarnan geta boðið krökkunum upp á aðrar aðstæður en þeim er boðið upp á úti í gamla skóla, en við gerum eins vel og við getum við þessar aðstæður," segir Skarphéðinn Jónsson.

– Hvað með þessa þróun sem hefur verið í gangi í þá átt að skólinn er að taka meiri þátt í uppeldi barna og þau eru að dvelja lengur í skólunum?

„Það er búið að skilgreina hlutverk skólanna miklu víðara en það var. Hérna áður fyrr var hlutverk skólanna bara að fræða nemendur, uppfræða þá um það sem þeim bar að læra lögum samkvæmt. Að sjálfsögðu á skólinn að uppfræða nemendur, en hann á líka að taka þátt í uppeldinu. Þannig að uppeldi barna er orðið samvinnuverkefni foreldra og skólans. Hins vegar hvílir ábyrgðin hjá foreldrum. Það hlýtur hverjum að vera ljóst.“

Húsnæðismál skólans

– Nú hafa húsnæðismálin verið erfið hjá Grunnskólanum á Ísafirði lengi. Hafa þau tekið á í skólastarfinu?

„Nei, blessunarlega ekki. Þetta eru aðstæður sem við ráðum ekki við. Ég vildi svo mjög gjarnan geta boðið krökkunum upp á aðrar aðstæður en þeim er boðið upp á úti í gamla skóla, en við gerum eins vel og við getum við þessar aðstæður. Óánægja foreldra hvað varðar þennan aðbúnað sem börnum þeirra er búinn litar ekki skólastarfið og það er mjög mikilvægt, því að þetta eru bara aðstæður sem skólanum er boðið upp á. Það er mjög mikilvægt að halda frið um skólastarfið þótt óánægju gæti um hina ytri umgjörð. Menn mega deila úti á götum um það hvað er best að gera og hvað eigi að gera, hvort þetta er boðlegt eða ekki og svo framvegis. Ég held að það sé mjög mikilvægt að halda því þar, því að börnin eiga auðvitað að fá að stunda nám sitt í friði án þess að þetta hangi yfir þeim, ef svo má segja.

Sem betur fer, hvað sem um forsögu húsnæðismála má segja, þá er það allavega svo í dag, að þetta er alfarið utan skólans og það er mjög mikilvægt að halda því þannig. Ef deilur um húsnæðismálin fara inn í skólann er hætt við því að þær kunni að setja mark sitt á hið innra starf og það má ekki gerast. Við verðum að ábyrgjast að skólastarfið rúlli eðlilega dag frá degi, það er okkar hlutverk.

Það verður að viðhalda árangrinum og halda áfram

– Þú sem skólamaður – hvernig getum við búið börnin okkar best undir lífið?

„Í fyrsta lagi með því að skapa börnunum ákjósanlegar aðstæður til náms. Þar held ég að við þurfum svolítið að taka okkur á. Þó að menn hafi gert eins vel og þeir geta á hverjum tíma, þá sjáum við í dag að þær eru engan veginn nógu góðar. Ég hef nú trú á því að menn ætli sér að vinna vel í þessum málum, ég get ekki merkt annað. Það var haldin samkeppni um húsnæðismál skólans í vor. Þá komu fram athyglisverðar tillögur að lausn á húsnæðisvanda skólans. Það er nýlega búið að setja saman nefnd til að yfirfara tillögurnar og leggja mat á þær og gera tillögur um næstu skref. Ég er blessunarlega laus við að hafa tengst þessum deilum um húsnæðismál skólans hingað til. Ég get haft mína persónulegu skoðun á því hvað hefði verið best að gera. En ég er alveg laus við það að vera tengdur þessari umræðu eins og hún var og er hvorki bundinn tilfinningum né hagsmunum í þeim efnum.

Það er eitt að bæjaryfirvöld á hverjum tíma skapi ákjósanlega umgjörð fyrir skólastarfið. Svo er hin hliðin – foreldrahópurinn sem slíkur. Við verðum ávallt að halda vöku okkar hvað velferð barna okkar varðar. Þótt við höfum náð góðum árangri hér á Ísafirði hvað varðar t.d. forvarnastarf, þá megum við foreldrarnir ekki sofna á verðinum. Við erum sá hópur sem á að standa vörð um málefni okkar barna. Það erum við og engir aðrir. Við eigum að sjá um uppeldið og við verðum í rauninni að standa okkur sem uppalendur. Börnin okkar eiga það skilið. Það má enginn vera stikkfrí í þessum efnum.

Skólinn hefur verið í sókn, einkunnir hafa farið hækkandi, skólabragurinn er orðinn allur annar en áður var. En það þýðir ekki að að menn megi segja: Hingað og ekki lengra. Það er meiri vinna að halda ástandinu góðu en að ná því góðu með sameiginlegu átaki. Eins og einhver sagði – ef maður hættir að bæta sig, þá hættir maður að vera góður. Við getum blásið í herlúðra og við getum bætt eitthvað ástand, hvort sem það er í útivistarmálum eða hvað sem er. Svo þegar er búið að ná árangrinum, þá verður að viðhalda honum og halda áfram í sókn. Það er að mínu viti aðalmálið.

Það er verkefni foreldra númer eitt, tvö og þrjú að hver ræki sitt hlutverk sem uppalandi, í forvörnum og bara í því að hugsa um börnin sín. Þetta er bara heilmikil vinna. Þetta er kannski ekkert svo mikil vinna hjá litlu börnunun. En þegar barnið er farið að þroskast og fer að sýna sjálfstæðan vilja og sjálfstæðan persónuleika, bara kynþroskaaldurinn eins og hann er, þá er mikil vinna hjá foreldrum að halda þennan ramma. Við þurfum líka að hjálpa náunganum í þessum efnum.

Ég held að þetta séu stærstu málin í raun og veru – að hver hugsi um sín börn og að forvarnir á heimilum séu unnar, að menn vinni sína heimavinnu“, segir Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði. Hann fer ekki á skíði um páskana en ætlar að leggja sitt af mörkum til að við höldum þeim árangri sem náðst hefur í skólamálum á Ísafirði og sækjum ótrauð áfram.

Unga fólkið og landsbyggðin

„Ástæða þess að fólk flyst suður er fyrst og fremst sú að þar eru störfin sem krefjast langskólamenntunar“

Herdís Á. Sæmundardóttir, framhaldsskólakennari á Sauðárkróki skrifar

Breytingar í atvinnuháttum landsmanna hafa verið gríðarlegar á síðustu árum og áratugum. Störfum hefur fækkað í grunngreinunum, landbúnaði og sjávarútvegi, en vaxið í hvers kynst þjónustustörfum. Þessar breytingar hafa að sjálfsögðu komið misjafnlega niður á einstökum landssvæðum, fólki hefur fjölgað mjög á höfuðborgarsvæðinu, þar sem störfum í þjónustu og opinberum rekstri hefur fjölgað mjög og að sama skapi hefur fólki fækkað á landsbyggðinni.

Ný rannsókn Hagfræðistofnunar Hásóla Íslands leiðir í ljós að 40-60% þeirra sem fæddir eru á árunum 1968-1972, hafa yfirgefið heimabyggðir sínar. Jafnframt leiðir skýrslan í ljós að 60-70% fólks í þessum aldursflokki og sem hefur tekið lán hjá LÍN til framhaldsmenntunar, hefur flust frá Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi. Þetta fólk snýr ekki aftur til sinna heimahaga ef það fær ekki störf við sitt hæfi. Þegar sú kynslóð, sem nú ber uppi atvinnulífið á landsbyggðinni verður komin á eftirlaun, er hætt við að fáir verði til að taka við og vandamálin sem við stöndum frammi fyrir því stærri og vandleysanlegri.

Ástæða þess að fólk flyst suður er fyrst og fremst sú að þar eru störfin sem krefjast langskólamenntunar. Störf sem ákveðið hefur verið að skuli vera þar en ekki úti á landi. Í fyrrnefndri skýrslu Hagfræðistofnunar er bent á nokkrar leiðir til að auka aðdráttarafl landsbyggðarinnar. Í fyrsta lagi er bent á samgöngubætur sem auka aðgengi og stytta vegalengdir að stærri þéttbýlisstöðum. Í Norðvesturkjördæmi eru verkefnin næg í samgöngumálum. Það ætti t.d. að vera algjört forgangsatriði að tengja byggðarlög á Vestfjörðum við hringveginn með uppbyggðum vegum og bundnu slitlagi. Í öðru lagi bendir Hagfræðistofnun á mikilvægi menntastofnana á framhalds- og háskólastigi, fyrir búsetuþróun. Í Norðvesturkjördæmi eru 3 skólar á háskólastigi, Hólaskóli, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Viðskiptaháskólinn Bifröst, auk þess sem unnt er að sækja fjarnám á háskólastigi á nokkrum stöðum. Stofnanir sem þessar draga að sér langskólagengið fólk og hafa því mjög mikla þýðingu fyrir umhverfi þeirra. Það ætti að vera augljóst að efling menntunar almennt sem og möguleika þessarra stofnana til þess að vaxa og þróast er ein mikilvægasta undirstaða þess að störfum sem krefjast langskólamenntunar fjölgi og þá um leið að ungt fólk vilji setjast að á landsbyggðinni.

Sannarlega eru því sóknarfærin í þessu stóra Norðvesturkjördæmi næg. Það veltur fyrst og fremst á gildismati og vilja manna, hvort tekst að nýta þessi sóknarfæri og jafna búsetuskilyrði landsmanna. Fólksflóttinn er með öðrum orðum, ekkert lögmál, heldur snýst fyrst og síðast um almenna efnahagsstjórnun og raunhæfa áætlun um uppbyggingu og eftirfylgni áætlana. Í ljósi þess sem að framan er sagt og þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað á suðvesturhorninu og eru í farvatninu á Norðaustur- og Austurlandi, hlýtur það að teljast eðlileg og sjálfsögð krafa að á næstu árum verði lögð sérstök áhersla á aðgerðir til eflingar atvinnulífsins í hinu nýja Norðvesturkjördæmi.

Herdís Á. Sæmundardóttir, framhaldsskólakennari Sauðárkróki. Höfundur skipar 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi í komandi Alþingiskosningum.

Ísafjörður

Sólarkaffi eldri borgara

Félagsstarf aldraðra á Ísafirði hélt í síðustu viku sólarkaffi á Hótel Ísafirði. Venju samkvæmt var boðið upp á rjómapönnukökur og upprúllaðar sykraðar pönnukökur með kaffinu og var salurinn á hótelinu fullsetinn af körlum og konum á besta aldri. Var gerður góður rómur að kaffinu og meðlætinu. Hlýtur það að teljast mikil viðurkenning fyrir veitingamennina því meðal gestanna voru margar af reyndustu ömmum bæjarins sem snúið hafa við tugþúsundum af pönnukökum í gegnum tíðina og komist hvað næst því að fullkomna þá list.

Strandamenn blóta þorra

Strandamenn og skyldulið þeirra fjölmennti á þorrablót í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöldið. Líkt og almennast er á blótum hér vestra hafði hver með sér sinn þorramat og má segja að loftið hafi verið þrungið hákarlsilmi og ljúf-súrri lykt í bland við kátínu gestanna. Skemmtiatriði voru mörg og margvísleg en fremstur skemmtikrafta var Sophus Magnússon og mun ekki á neinn hallað með þeirri staðhæfingu. Veislustjóri var Halldór Halldórsson bæjarstjóri. Fagnaðurinn fór hið besta fram og þegar skemmtidagskrá og borðhaldi lauk skömmu fyrir klukkan ellefu voru borð tekin upp og dansað fram á miðja nótt. Ljósmyndari blaðsins tók meðfylgjandi myndir á blóti Strandamanna en fleiri myndir verða settar inn á Ljósmyndavefinn á bb.is á næstu dögum.

FISKISTOFA

Fiskistofa er stjórnsýslustofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Fiskistofu er ætlað að framkvæma stefnu stjórnvalda um stjórn fiskveiða og meðferð sjávarfangs.

Veiðieftirlitsmenn

Fiskistofa óskar eftir að ráða veiðieftirlitsmenn til starfa á Vestfjörðum og á Norðurlandi.

Ábyrgðar- og starfssvið :

- Veiðieftirlit á sjó.
- Veiðieftirlit á landi.
- Skrifstofustörf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur :

Fiskistofa leitar að einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt, eru með skipstjórnarmenntun og hafa reynslu af veiðum og meðferð sjávarafurða. Enskukunnátta er áskilin sem og nokkur tölvukunnátta.

Um er að ræða tvö störf, sitt á hvorri starfsstöðinni, á Ísafirði og Akureyri.

Störfin eru laus strax. Laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Upplýsingar veitir Guðmundur Jóhannesson, deildarstjóri sjóeftirlits, og Sigurjón Aðalsteinsson, deildarstjóri landeftirlits, í síma 5697900.

Umsóknir óskast sendar til Fiskistofu eða á veffangið www.lisbet@fiskistofa.is merkt "Starf veiðieftirlitsmanns" fyrir 3. mars næstkomandi.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Fiskistofu: www.fiskistofa.is eða í móttöku Fiskistofu.

Fiskistofa ● Ingólfstræti 1 ● 101 Reykjavík ● Sími 569-7900 ● Bréfsími 569-7990 ● www.fiskistofa.is

Stútungur á haldinn í 69. skiptið

Alls munu um 230 manns hafa verið á Stútungi, hinum árlega fagnaði á Flateyri, sem haldinn var á laugardagskvöldið í 69. skipti. Stútungur fór hið besta fram, þrátt fyrir að rýmkað hafi verið um hinar ströngu reglur sem lengi giltu um þátttöku. Þannig mun hafa verið skilyrði að vera í hjónabandi eða sambúð og eiga fasteign á Flateyri og hver veit hvað. Aðkomufólk var ekki velkomið. Þessar kvaðir hafa nú verið afnumdar. Einnig voru aldurstakmörk í hærra lagi en hafa verið lækkuð niður í 18 ár. Meðfylgjandi myndir voru teknar í íþróttahúsinu á Flateyri á Stútungi 2003. Fleiri myndir verða settar inn á Ljósmyndavef bb.is.

Grisjunarleiðin!

Í morgunútvarpi Rásar 2 síðastliðinn mánudag var einkar áhugavert viðtal við Jón Kristjánsson fiskifræðing, sem mun vera orðinn einn helsti ráðgjafi frænda okkar Færeyinga í málefnum er snúa að fiskveiðistjórnun. Svo sem kunnugt er hafa þeir snúið baki við stefnu Íslendinga, að setja kvóta á fiskveiðina og jafnframt fjölgað þeim dögum sem sótt er á sjó til veiða. Í viðtalinu lýsti Jón því hvað blasti við þegar hann ásamt fleiri áhugamönnum sótti Skota heim. Þorskurinn sem verið var að selja á mörkuðum í Peterhead í Skotlandi reyndist vera um 30 sentimetra langur, en við hliðina á körunum með fiskinum voru hrognakör og því ljóst að um kynþroska þorsk væri að ræða.

Úr skrifstofum Evrópusambandsins í Brussel berast þau boð að draga skuli úr sókn og skera niður kvóta svo fiskistofnarnir nái því að vaxa og eflast. Jón segir að vandamálið vera að ekki sé nóg veitt. Nú kann lesandinn að hrökkva við og velta því fyrir sér hvort ekki sé í fullu lagi með manninn. Reyndar er það svo að við Vestfirðingar höfum margir sett fram efasemdir um þau fræði er fiskifræðingar byggja á. Því hefur verið haldið fram á þessum vettvangi að kvótakerfið hafi þrátt fyrir allt reynst haldbesta stjórnun fiskveiða Íslendinga. Hinu verður ekki neitað að um það er ekki sátt og óánægjuraddirnar verða fleiri og ekki lengur eins hjáróma og fyrr.

Því er vert að leggja við hlustir þegar öðrum leiðum er velt upp og þær studdar rökum. Jón telur það greinilega ranga hagfræði að nýta ekki aflann í sjónum, þar sé fjármagn sem nauðsynlegt sé að nota. Hann bendir á þá staðreynd að ýsustofninn í Norðursjó hafi vaxið mikið á síðustu árum og nú geysi hörkubarátta milli þorsksins og ýsunnar um fæðið. Reyndar var áhugavert að heyra Jón Kristjánsson segja að þorskurinn hugsaði einungis um að eignast afkvæmi og þegar ljóst væri að hann myndi ekki stækka frekar væri einfaldlega komið að því að verða kynþroska og ljúka ætlunarverki sínu. Feitur þorskur finnst víst ekki lengur í Norðursjó. Þess vegna eigi að veiða sem mest af honum til þess að þeir sem á eftir komi hafi meiri fæðu. Eftirtektarvert var að heyra að einnig veiddist þorskur sem væri um einn metri á lengd, en sá lifði á öðrum fiski.

Þau alþýðuvísindi er þekkt frá vötnum á Auðkúluheiði í Húnavatnssýslum og sjálfsagt einnig frá Arnarvatnsheiði, að þegar fiskistofninn var orðinn fjölmargur þá þýddi ekki annað en að veiða smáfiskinn djarft til þess að sá silungur er eftir kæmi ætti kost nægrar fæðu. Þau vísindi dugðu víst vel til þess að afrakstur vatnanna yrði góður. Þessar kenningar eru að sjálfsögðu á skjön við þær sem Hafrannsóknarstofnun fylgir. En með sama hætti og margir eldri sjómenn hafa haldið því fram að hvalveiðar eigi að hefja strax til þess að hann éti ekki fæðuna frá fsiknum í sjónum, og reyndar fiskinn sjálfan, má vænta þess að kenningar Jóns eigi við rök að styðjast og vissulega eiga þær hljómgrunn margra þótt óvíst sé að kvótakerfið víki í bráð eða lengd.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SPURNINGIN

Spurt var:

Ertu ángæð(ur) með árangur landsliðsins á HM í handbolta?

Alls svöruðu 718.
Já sögðu 639 eða 89,0%
Nei sögðu 63 eða 8,77%
Hlutlausir voru 16 eða 2,23%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Þar sem púlsinn slær...
bb.is

Þessar stúlkur reyndu fyrir sér, bæði á skíðum og snjóbretti.

Skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal

Góð aðsókn um helgina

Góð aðsókn var að skíðasvæði Ísfirðinga núna um helgina, þá fyrstu sem lyftur voru opnar á þessum vetri. Bjartviðri var á laugardag og sólskin en éljagangur af og til á sunnudag. Þó að snjór sé í minna lagi í brekkunum í síðbúnu upphafi tímabils var færi afar gott en nokkuð féll af nýjum snjó aðfaranótt sunnudags.

Góður andi ríkti meðal skíðafólks í brekkunum sem bjóða upp á skemmtilega reið með hólum og hæðum. Áhrifa landslagsins gætir meira fyrri part vetrar þar sem snjórinn hefur ekki jafnað út margbreytileika þess. Ekki er búið að troða allar brekkur en brettafólk og hörðustu skíðakappar voru hinir ánægðustu með það og sviguðu í lausafönninni.

Nú er bara að vona að veðrið verði lyftunotendum hagstætt og hlýindin í veðrinu taki fljótt af. Skíðaunnendum mun þykja kærkomið að geta rennt sér sem mest til dusta rykið af stílnum fyrir páskana.

LEGGUR OG SKEL

opna að Austurvegi 2
föstud. 14. feb. kl. 10

Í tilefni af 20 ára afmæli verslunarinnar á árinu veitum við *20% afslátt* af öllum fatnaði í búðinni föstudag og laugardag

Þau sem að opnunina bar upp á Valentínusardag, voruðum við verðlauna fyrsta barnið sem fæddist eftir 9 mánuði

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna

Austurvegi 2 • Sími 456 4070



helgardagbókin

DAGLEGA Á NETINU bb.is VESTFIRSKAR FRÉTTIR

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

smáar

Til leigu er 4ra herb. íbúð sem hentar vel fyrir par eða 2-3 einstaklinga. Geymslu-/frístundarými. Vel staðsett. Sér inngangur. Sanngjörn leiga. Upplýsingar í síma 867 5161.

Til leigu er 60m² íbúð á jarðhæð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. gefur Jón í síma 896 3387.

Aðalfundur foreldraráðs grunnskólans á Ísafirði verður haldinn í skólanum (stofu 6 á efri gangi gegnt kennarastofu) þriðjudaginn 25. febrúar kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnarkjör. Allir foreldrar eru velkomnir.

HSV vantar 2ja sæta sófa á skrifstofuna sína. Ef einhver lumar á slíkri mublu má hann hafa samband við Kalla á skrifstofu HSV í síma 456 5434 eða í síma 898 7292.

Til sölu er MMC L-300, Minibus, átta manna, 4x4, bensín, árg. 1988, ekinn 200 þús. km. Skoðaður 03. Upplýsingar í síma 868 4080 eftir kl. 16.

Óskum eftir ónothæfu strauborði, gefins eða að láni til íþróttaiðkunar. Upplýsingar gefur Gylfi í síma 898 3915.

Til sölu er Ford Focus árg. 01, ekinn 21 þús. km. Tilboð óskast í síma 696 2174 eða í tölvupósti á gis_sos@msn.com.

Húsgögn óskast sem og sjónvarp, ódýrt eða gefins. Upplýsingar í síma 456 4510.

Til sölu er mjög vel útlítandi rimlarúm. Verð kr. 6 þús. Uppl. í síma 456 5057.

Til sölu er Subaru Impresa turbo ekinn 70 þús. km., árg. 2000. Verð kr. 1.850 þús. Uppl. í símum 456 8233, 892 9756 eða 893 1675.

Óska eftir gömlum skíðum fyrir lítinn pening (175-185 cm). Uppl. í síma 849 7017.

Slysavarnarkonur! Föndrið er byrjað. Verðum á þriðjudagskvöldum í Guðmundarbúð.

Til leigu er 2ja herb. íbúð með sérinnganga að Urðarvegi 78. Uppl. í síma 456 3928 eða 456 4323.

Til sölu er trésmíðavél. Uppl. í síma 456 3041.

Til sölu er snjóbretti fyrir unga krakka. Uppl. í síma 456 3041.

Rúm óskast fyrir 3ja ára strák. Upplýsingar í síma 849 5315.

Blár Nokia gsm-sími týndist sl. laugardag. Finnandi vinsamlega hringi í síma 456 4573.

Til sölu er hálfs árs gamall, 122 cm íssköpur á kr. 22 þús., svefnsófi á kr. 12 þús, king-size amerískt rúm frá Svefn & heilsu á kr. 60-70 þús og gamlar Pioneer græjur á kr. 3 þús. Uppl. í símum 660 6080 og 660 6081.

Til sölu er VW Passat árg. 97. Selst ódýrt. Á sama stað er til sölu Pontiac Firebird árg. 1998 á kr. 950 þús. Upplýsingar í síma 847 3428.

Til sölu eru fjögur lítið notuð negld 31" vetrardekk fyrir 16" felgur. Passa t.d. á LandCruiser. Upplýsingar í síma 696 7316.

BB – smáauglýsingar

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 14. febrúar

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Pekkóla (5:26)
18.30 Falin myndavél (57:60)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Álfabíllinn. *(The Gnome Mobile)* Bandarísk ævintýramynd frá 1967. Sérvitur auðmaður og ung frændsystkini hans reyna að hjálpa álfum sem eru í vanda staddir. *Aðalhlutverk: Walter Brennan, Matthew Garber og Karen Dotrice.*
21.35 Bak við tjöldin. Í þættinum er fylgst með undirbúningnum fyrir Söngvakeppni Sjónvarpsins sem verður í beinni útsendingu annað kvöld.
22.10 Pollock. Bandarísk verðlaunamynd frá 2000 um listmálarann Jackson Pollock sem uppi var frá 1912 til 1956. *Aðalhlutverk: Ed Harris, Robert Knott, Molly Regan, Marcia Gay Harden og Sada Thompson.*
00.15 8 1/2 kona. *(8 1/2 Woman)* Bíómynd frá 1999 um feðga sem opna pútnahús á setri sínu eftir að hafa horft á mynd eftir Fellini. Leikstjóri er Peter Greenaway og meðal leikenda eru *John Standing, Matthew Delamere, Vivian Wu, Annie Shizuka Inoh og Barbara Sarafian.*
02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 15. febrúar

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Mummi bumba (7:65)
09.07 Andarteppa (7:26)
09.19 Bingur (7:13)
09.26 Malla mús (47:52)
09.33 Undrahundurinn Merlín
09.43 Albertína ballerína (3:26)
10.00 Babar (62:63)
10.25 Harry og hrukkudýrin (7:7)
10.50 Viltu læra íslensku? (6:22)
11.10 Kastljósið
11.35 At
12.05 Geimskipið Enterprise
12.50 Bak við tjöldin
13.30 20. öldin (8:8)
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni.
16.25 Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá leik ***KA*** og ***HK*** í Essódeild karla.
17.05 Táknmálsfréttir
17.15 Íslandsmótið í handbolta. ***KA-HK***, seinni hálfleikur.
18.00 Smart spæjari (21:22)
18.25 Flugvöllurinn (5:16)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.25 Spaugstofan
21.00 Söngvakeppni Sjónvarpsins. Bein útsending frá tónleikum í Háskólabíói þar sem valið verður framlag þjóðarinnar í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Riga 24. maí. *Kynnar eru Gísli Marteinn Baldursson og Logi Bergmann Eiðsson.*
23.00 Í návígi. *(Up Close and Personal)* Bandarísk bíómynd frá 1996. Ung og metnaðargjörn fréttakona þiggur góð ráð hjá fyrrverandi yfirmanni sínum og þau verða ástfangin. *Aðalhlutverk: Robert Redford, Michelle Pfeiffer, Stockard Channing og Joe Mantegna.*
00.45 Samband. *(Contact)* Bandarísk bíómynd frá 1997 byggð á sögu eftir Carl Sagan um unga konu sem hefur helgað líf sitt könnun á lífi á öðrum hnöttum. Eftir langa bið berast henni skilaboð utan úr geimnum. Meðal leikenda eru *Jodie Foster, Jena Malone, Matthew McConaughey, David Morse og John Hurt* auk þess sem fjöldi þekktra manna og kvenna kemur fram í eigin persónu, e.
03.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 16. febrúar

09.00 Morgunstundin okkar
09.01 Disneystundin
09.55 Bubbi byggir (17:26)
10.12 Snuðra og Tuðra (2:4)
10.25 Franklín (54:66)
10.50 Nýjasta tækni og vísindi
11.05 Vísindi fyrir alla (6:48)
11.15 Spaugstofan
11.40 Laugardagskvöld með Gísl
12.25 Mósaík
13.00 List slaghörpunnar (2:2)
14.00 Brot
14.30 Njóttu lífsins
14.40 Lífi Vivaldi
16.30 Maður er nefndur
17.05 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Eva og Adam (2:8)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Samræða um kvikmyndir. Heimildarmynd um Þorgeir Þorgeirson rithöfund sem var fyrsti Íslendingurinn sem hafði kvikmyndagerð að aðalstarfi. Fjallað er um líf hans og störf og sýnd atriði úr eftirtöldum myndum hans: Maður og verksmiðja, Grænlandsflug, Að byggja og Róður.
20.50 Vagg og velta (1:4) *(Shake, Rattle & Roll)* Framhaldsmyndaflokkur í fjórum hlutum og fjallar ástir og örlög ungmenna á sjötta áratug síðustu aldar sem og sigra og ósigra rokkhljómsveitar þeirra. Tónlist skipar stóran sess í þáttunum og margir frægir tónlistarmenn koma fram í þáttunum svo sem söngvarinn Terence Trent D´arby.
21.35 Helgarsportið
22.00 Órar á annarri hæð. Heimildarmynd um kvikmyndaleikstjórann Roy Anderson, höfund myndarinnar Söngvar af annarri hæð sem sýnd er á eftir.
22.30 Söngvar af annarri hæð. *(Sånger från andra våningen)* Sænsk verðlaunamynd frá 2000. Í myndinni, sem er byggð á ljóði eftir Cesar Vallejo, er dregin upp drungaleg mynd af stórborgarlífi nútímafólks. Leikstjóri er Roy Anderson og meðal leikenda *Lars Nordh, Stefan Larsson, Bengt C.W. Carlsson, Torbjörn Fahlström og Sten Andersson.*
00.05 Kastljósið
00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Riddarinn Heath Ledger

Heath Ledger leikur aðalhlutverkið í ævintýramyndinni Riddarasaga, eða A Knight´s Tale sem er frá árinu 2001. William Thatcher er fátækur bóndasonur sem á sér þann draum að verða riddari. Það er aðeins á færi aðalsmanna að stunda þá göfugu íþrótt og William verður að gera sér að góðu að vera aðstoðarmaður riddara og horfa álengdar á burtreiðarnar. En þegar riddarinn fellur frá grípur William tækifærið og hefur keppni undir fölsku nafni. Í fyrstu gengur allt vel en hversu lengi getur William beitt blekingum?

Stöð 2 kl. 21:10 laugardaginn 15. febrúar

STÖÐ 2

Föstudagur 14. febrúar

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Dharma & Greg (13:24)
13.00 The Education of Max
13.45 Fugitive (7:22)
14.25 Jag (7:24)
15.15 60 mínútur II
16.00 Smallville (2:21)
16.45 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Buffy, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Friends (6:24) *(Vinir)* Ross er lítið hrifinn af nýju barnapíunni hennar Rachel sem sjarmörinn Freddie Prinz Jr. leikur. Þá á Phoebe erfitt með að velja milli nýja kærastans Mike,s sem Poul Rudd leikur, og gamla kærastans Davids sem Hank Azaria leikur.
20.00 Friends (7:24) *(Vinir)* Chandler og Joey finna videóspólu sem gæti verið af Monicu með fyrrverandi elskhuga, Ross hefur fundið leið til að fá Emmu til að hætta að gráta en þorir ekki að deila því með Rachel og Phoebe á erfitt uppdráttar þegar hún hittir snobbaða foreldra nýja kærastans Mikes.
20.25 Off Centre (13:22)
20.50 The Osbournes (13:30)
21.15 Fóstbræður 5 (4:7)
21.45 Traveller. *(Flökkulíf)* Við kynnumst hópi írskra flakkara sem lifa á því að pretta fólk með öllum ráðum. Svikahrappurinn Bokky er fremstu í flokki og hann tekur að sér ungan strák til þess að kenna honum öll brögðin sem hann lumar á. *Aðalhlutverk: Bill Paxton, Mark Wahlberg, Julianna Margulies.*
23.25 Pitch Black. *(Myrkraverur)* Hörkuspennandi vísindaskáldsögutryllir. Geimskip með 40 manns innanborðs lendir í óveðri og brotlendir á óþekktri plánetu. Þar er ekkert lífsmark að finna og vandséð hvernig ferðalangarnir eiga að lifa af. Þegar nóttin skellur á kemur hins vegar í ljós að þeir eru aldeilis ekki einir og yfirgefnir á þessum kuldalega stað. *Aðalhlutverk: Vin Diesel, Radha Mitchell, Cole Hauser.*
01.10 Eye Of the Beholder. *(Eins og skugginn)* Njósnari hjá bresku leyniþjónustunni fylgir eftir gullfallegri konu sem er grunuð um að kúga fé út úr syni bandarísks þingmanns. Hann verður svo vitni að því þegar konan myrðir soninn með köldu blóði. Í stað þess að ráðast strax til atlögu gegn konunni ákveður njósnarinn að fylgja henni eftir enda sannfærður um að hún tengist hvarfinu á hans eigin dóttur fyrir átta árum. *Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Ashley Judd, Patrick Bergin, Genevieve Bujold.*
02.50 Species II. *(Kynjaverur)* Mannkynið hefur loks stigið fæti á Mars. Forystusauður leiðangursins hefur breyst í háttum þegar hann snýr til baka til jarðar og greinilega eitthvað ómennskt tekið sér bólfestu í líkama hans og sál. Hann fjölgar sér af miklum móð í þeim tilgangi að einn góðan veðurdag nái hans líkar heimssyfirráðum. Stjórnvöld fá hina hálfmennsku Sil til þess að elta óvættina uppi. *Aðalhlutverk: George Dzundza, James Cromwell, Natasha Henstridge.*
04.20 Friends (6:24)
04.40 Friends (7:24)
05.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
05.25 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 15. febrúar

08.00 Kolli káti
08.25 Lína langsokkur
08.50 Tiddi
09.00 Með Afa
09.55 Biblíusögur
10.40 Skógarlíf
11.30 Yu Gi Oh
11.50 Bold and the Beautiful
13.30 Viltu vinna milljón?
14.15 Tónlist
14.45 Enski boltinn. Bein útsending frá 5. umferð bikarkeppninnar.
17.05 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Where´s Marlowe?. *(Hvar er Marlowe?)* Gamanmynd. Félagarnir Wilt og AJ eru að gera heimildamynd um hinn snjalla spæjara, Joe Boone. Í miðjum tökum rekur Boone aðstoðarmann sinn og strákarnir eiga ekki um neitt annað að velja en að hlaupa í skarðið. Þeir hafa ekki hundsvit á spæjarastörfum en eru staðráðnir í að bjarga myndinni um Joe Boone enda hafa þeir lagt allt sitt fjármagn í gerð hennar. *Aðalhlutverk: Miguel Ferrer, John Livingston, Mos Def.*
21.10 A Knights Tale. *(Riddarasaga)* Frábær ævintýramynd. William Thatcher er fátækur bóndasonur sem á sér þann draum að verða riddari. Það er aðeins á færi aðalsmanna að stunda þá göfugu íþrótt og Willam verður að gera sér að góðu að vera aðstoðarmaður riddara og horfa álengdar á burtreiðarnar. En þegar riddari Williams fellur frá grípur hann tækifærið og hefur keppni undir fölsku nafni. Í fyrstu gengur allt vel en hversu lengi getur William beitt blekkingum? *Aðalhlutverk: Heath Ledger, Rufus Sewell, Shannyn Sossamon.*
23.20 Swingers. *(Stuðboltar)* Bráðsmellin gamanmynd um nokkra vini sem halda út á lífið í leit að ástinni. Þegar þeir eru ekki að reyna að komast yfir konur tala þeir um þær, stappa stálinu hver í annan og hughreysta þegar örvæntingin er að bera þá ofurliði. *Aðalhlutverk: Jon Favreau, Vince Vaughn.*
00.55 Me, Myself and Irene. *(Ég og Irene)* Charlie Baileygates er lögreglumaður á Rhode Island. Að öllu jöfnu er hann samviskusamur fjölskyldufaðir en þegar hann gleymir að taka meðalið sitt eru vandræði á næsta leiti. Þá breytist Charlie í Hank Baileygates, sjálfselskan rudda með kynlíf á heilanum. Og þegar Charlie og Hank falla báðir fyrir sömu konunni fer allt í háaloft.
02.45 Happy Texas. *(Velkomnir til Texas)* Grátbrosleg gamanmynd um tvo strokufanga sem lenda í stórfelldum vandræðum. Harry og Wayne stela húsbíl og enda í smábæ í Texas. Þeir eiga ekki von á góðum viðtökum en annað kemur á daginn. Íbúunum er ókunnugt um fyrri afrek félaganna og halda að þarna séu á ferð tveir hommar sem ætli að stjórna fegurðarsamkeppni í bænum. Harry og Wayne hafa ekkert vit á slíku en reyna að bjarga sér með öllum ráðum. *Aðalhlutverk: Steve Zahn, Jeramy Northam, William H. Macy, Ally Walker, Illeana Douglas.*
04.20 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 16. febrúar

08.00 Addi Paddi
08.05 Lísa
08.10 Leirkarlarnir
08.15 Vaskir Vagnar
08.20 Litlir hnettir
08.25 Snjóbörnin
08.40 Tröllasögur
09.05 Svampur
09.55 Hjólagengið
10.20 Batman
10.45 Galidor
11.10 Lizzie McGuire
11.35 Veröldin okkar
12.00 Neighbours
13.50 60 mínútur
14.35 Normal, Ohio (6:12)
15.00 Geppetto
16.40 Naked Chef 2 (1:9)
17.10 Einn, tveir og elda
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Viltu vinna milljón?
20.20 Sjálfstætt fólk
20.50 Twenty Four (4:24)
21.35 Boomtown (4:22)
22.20 60 mínútur
23.05 The Hurricane. Mögnuð kvikmynd byggð á sannsögulegum atburðum. Rubin Carter var efnilegur hnefaleikari sem fékk viðurnefnið The Hurricane. Hann þótti einn besti millivigtarboxari sem fram hafði komið og við honum blasti glæstur ferill í hringnum. En þá dundi ógæfan yfir. Carter var ranglega sakfelldur fyrir hroðalegan glæp og dæmdur í lífstíðarfangelsi. Árin liðu en velunnarar hans neituðu að gefast upp, staðráðnir í færa Carter frelsið á nýjan leik. *Aðalhlutverk: Denzel Washington, Deborah Unger, John Hannah, Liev Schreiber.*

SPORTIÐ Í BEINNI...

Sjónvarpið

Laugardagur 15. febrúar kl. 14:25
Þýski boltinn: Leikur óákveðinn
Laugardagur 15. febrúar kl. 16:25
Íslandsmótið í handbolta karla: KA – HK

Sýn

Miðvikudagur 12. febrúar kl. 19:45
Landsleikur í knattspyrnu: England – Ástralía
Laugardagur 15. febrúar kl. 11:45
Enska bikarkeppnin: Manchester United – Arsenal
Sunnudagur 16. febrúar kl. 12:45
Enska bikarkeppnin: Crystal Palace – Leeds
Sunnudagur 16. febrúar kl. 15:45
Enska bikarkeppnin: Stoke – Chelsea
Þriðjudagur 18. febrúar kl. 19:30
Meistaradeild Evrópu: Arsenal – Ajax
Þriðjudagur 18. febrúar kl. 21:40
Meistaradeild Evrópu: Barcelona – Inter Milan
Miðvikudagur 19. febrúar kl. 19:30
Meistaradeild Evrópu: Manchester United – Juventus

Stöð 2

Laugardagur 15. febrúar kl. 14:45
Enska bikarkeppnin: Southampton – Norwich

Kjarnorkuvá í Los Angeles

Kiefer Sutherland leikur leyniþjónustumanninn Jack Bauer sem leggur líf sitt að veði fyrir fósturjörðina í spennuþáttaröðinni 24, eða Twenty Four. Atburðarásin í myndaflokknum er nokkuð óvenjuleg en 24 gerist á einum sólarhring. Önnur syrpan gerist einu og hálfu ári eftir að þeirri fyrstu lauk og Jack er formlega hættur störfum. Hann lætur þó tilleiðast og snýr aftur í leyniþjónustuna þegar kjarnorkuvá steðjar að Los Angeles. Hryðjuverkahópur frá Miðausturlöndum er talinn ætla að láta til skarar skríða í Englaborginni og fram undan er kapphlaup upp á líf og dauða.

Stöð 2 kl. 20:50 sunnudaginn 16. febrúar

01.25 The Day Of the Jackal. *(Dagur Sjakalans)* Klassísk kvikmynd Freds Zinnemans byggð á metsölubók Fredericks Forsyths. Alræmdasti leigumorðingi heims sem gengur undir dulnefninu Sjakalinn er fenginn til að ráða forsætisráðherra Frakklands, Charles De Gaulle, af dögum.Hörkuspenna frá upphafi til enda. *Aðalhlutverk: Edward Fox, Alan Badel, Tony Britton.*
03.40 Silent Witness (6:8)
04.30 Tónlistarmyndbönd

SÝN

Föstudagur 14. febrúar

18.00 Sportið með Olís
18.30 Football Week UK. Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum.
19.00 Trans World Sport
20.00 4-4-2
21.00 No Way Home. *(Heima er verst)* Joey Larabito var dæmdur í sex ára fangelsi fyrir skotárás, þrátt fyrir að hafa haldið fram sakleysi sínu. Hann er nú aftur frjáls maður og snýr heim í hús foreldra sinna. Þau eru bæði látin en bróðir hans, Tommy, og eiginkona hans hafa hreiðrað um sig í húsinu. Það verða fagnaðarfundir en brátt kemur í ljós að Tommy veitir ekki þann félagsskap sem Joey þarfnast hvað mest. *Aðalhlutverk: Tim Roth, James Russo, Deborah Unger, Joseph Ragno, Catherine Kellner.*
22.35 South Park (12:17)
23.00 4-4-2
23.55 Sweepers. *(Sprengjuleit)* Ríkisstjórn Bandaríkjanna fær sprengjusérfræðinginn Christian Erickson til að stöðva glæpamenn sem ætla að flytja inn jarðsprengjur til landsins. *Aðalhlutverk: Dolph Lundgren, Bruce Payne, Claire Stansfield.*
01.30 Fallen Angels. *(Fallnir englar)* Við kynnumst leigumorðingjanum Wong Chi-Ming sem er orðinn leiður á starfinu. Við hittum líka fyrir He Zhiwu, ungan mann á villigötum sem einnig vinnur fyrir sér með ólögmætum hætti. Þetta er óvenjulegu mynd þar sem fléttan kemur sífellt á óvart. *Aðalhlutverk: Leon Lai, Takeshi Kaneshiro, Charlie Yeung.*
03.10 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 15. febrúar

11.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Arsenal***.
14.10 4-4-2
15.10 Football Week UK
15.35 Trans World Sport
16.30 Fastrax 2002
17.00 Toppleikir
18.50 Lottó
19.00 PSI Factor (21:22)
20.00 MAD TV
21.00 Iron Eagle 3. *(Stálfuglinn 3)* Atriðin í háloftunum voru eftirminnileg í fyrstu myndunum um Stálfuglinn og þau eru ekki síðri í þessari. Flugkapparnir eru enn á sveimi en Chappy og félagar lenda nú í hörðum átökum við fyrrverandi nasista sem hefur snúið sér að eiturlyfjasölu. *Aðalhlutverk: Louis Gossett Jr., Rachel McLish, Paul Freeman.*
22.40 Hnefaleikar-Shane Mosley. Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voru veltivigtarkapparnir Shane Mosley og Raul Marquez.
00.40 Love Games. *(Ástarleikir)* Erótísk kvikmynd.
02.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 16. febrúar

12.45 Enski boltinn. Bein útsending frá 5. umferð bikarkeppninnar milli ***Crystal Palace*** og ***Leeds United.***
15.00 Western World Soccer Show
15.45 Enski boltinn. Bein útsending frá 5. umferð bikarkeppninnar milli ***Stoke City*** og ***Chelsea***.
18.00 Meistaradeild Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilin fyrir þá næstu.
19.00 Football Week UK
19.30 US PGA Tour 2003
20.30 NBA. Bein útsending frá leik ***Sacramento Kings*** og ***San Antonio Spurs.***
23.00 Valentine´s Day. *(Uppgjörið)* Toni Denisio er vitni í stóru sakamáli en neitar að þiggja lögregluvernd. Leynilöggurnar Jack Valentine og Phil Kelly lenda þó engu að síður í því að gæta hans. En allt kemur fyrir ekki og Toni er drepinn. Nú hafa þeir félagar 10 daga til að finna morðingjann ef þeir vilja halda vinnunni. *Aðalhlutverk: Mario Van Peebles, Zerha Leverman, Randy Quaid, Rae Dawn Chong.*
00.35 European PGA Tour 2003
01.35 Dagskrárlok og skjáleikur

SKJÁREINN

Föstudagur 14. febrúar

18:00 Cybernet (e)
18:30 Guinness World Records (e)
19:30 Dateline
20:30 Popp & Kók - Nýtt
20:55 Haukur í horni
21:00 Charmed. Þokkanornirnar þrjár eru umsetnar af illum öndum og öðrum verum frá handanheiminum en meðan þær standa saman er öllu hægt að bjarga.
22:00 Djúpa laugin
23:00 Everybody Loves Raymond
23:30 The Wildest Police Videos (e) Er eins og nafnið gefur til kynna þáttur sem samanstendur af brjáláðislegustu upptökum amerísku lögreglunnar af raunverulegum atburðum! Og eins og við öll vitum er veruleikinn mun svakalegri en bíó eða sjónvarp
00:20 Jay Leno
01:40 Dagskrárlok

Laugardagur 15. febrúar

12:30 Mótor – Nýtt (e)
13:00 Dateline (e)
14:00 Jay Leno (e)
15:00 Ladies Man (e)
15:30 Everybody Loves Raymond (e)
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Listin að lifa (e)
18:00 Fólk með Sirrý
19:00 Dateline (e)
20:00 Leap Years. Ástir - vinátta og frami - vinir sem þroskast sundur og saman en breytast í botn og grunn ekki... Fylgst með hópi vina á þremur skeiðum í lífi þeirri; 1993, 2001 og í framtíðinni.
21:00 Perlur og svín
22:30 Philly (e) Kim Delaney fer með hlutverk háspennulögfræðings sem berst fyrir tilveru sinni í hörðum heimi laga, réttar og fjölskyldulífs. Magnað lagadrama um konu á framabraut sem reynir að veita dóttur sinni sæmilegt uppeldi og heilbrigt fjölskyldulíf þrátt fyrir annir.
23:20 Law & Order SVU (e)
00:10 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01:40 Dagskrárlok

Sunnudagur 16. febrúar

12:30 Silfur Egils
14:00 The Drew Carrey Show (e)
14:30 The King of Queens (e)
15:00 Charmed (e)
16:00 Judging Amy (e)
17:00 Innlit/útlit (e)
18:00 The Bachelor 2 (e)
19:00 Popp og Kók - Nýtt(e)
19:30 Cybernet
20:00 Dateline
21:00 Practice. Margverðlaunað lagadrama framleitt af David E. Kelley sem fjallar um líf og störf verjendanna á stofunni Donnell, Young, Dole & Fruitt og andstæðing þeirra saksóknarann Helen.
21:50 Silfur Egils (e)
23:20 Listin að lifa (e)
0:10 Dagskrárlok

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243
Fasteignaviðskipti
Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

skemmtun.com Hvað er að ske? Á helginni skemmtun.com
14. feb - 17. feb.
HOLSTENHELGI
2 Fyrir 1
Í boði HOLSTEN á Íslandi
Í KRÚSINNI OG SJALLANUM UM HELGINA
HOLSTEN KRÚSIN HOLSTEN
Hljómsveitin Gabríel
Stórdansleikur á laugardagskvöld
Sjallinn Café - Restaurant Bar
HOLSTEN
Diskóhelgi
föstudags- og laugardagskvöld
8 Mile
Nýja myndin hans Eminem að gera allt vitlaust allstaðar.
Föstudag kl. 8
Sunnudag kl. 8
Mánudag kl. 8
Bönnuð innan 14

Fasteignaviðskipti
TRYGGVI GUÐMUNDSSON hdl.
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4567 – Netfang: tryggvi@simnet.is
Heimasíða: www.bb.fs/tg
Höfum kaupendur að einbýlishúsi með bílskúr
Einbýlishús
Fjarðarstræti 13: 140 m² einbýlishús ásamt 51 m² bílskúr og góðum garði. Getur verið sem 3 íbúðir. Skipti á minni eign möguleg.
Tilboð óskast
Hlíðarvegur 42: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum, með sér íbúð í kjallara. Tilboð óskast
Smiðjugata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt mýmálað nýtt. Verð 6,1 m.kr.
Smiðjugata 12: 83 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt garði og tilheyrandi eignarlóð. Tilboð óskast
Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul.
Verð 13,5 m.kr.
4-6 herbergja íbúðir
Aðalstræti 26a: 137,3 m² 5 herbergja íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og eignarlóð.
Verð 5,9 m.kr.
Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. Verð 9,5 m.kr.
Seljalandsvegur 20: 125,2 m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi, garður fyrir framan hús og sólpallur. Verð 7,3 m.kr.
3ja herbergja íbúðir
Stórholt 9: 80,9 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,8 m.kr.
Silfurgata 11: 74,1 m² 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í upgerðu fjölbýli. Íbúðin að mestu upgerð. Tilboð óskast
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólffletir, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með fróðaru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu.
Verð 4,5 m.kr.
2ja herbergja íbúðir
Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð.
Verð 5,8 m.kr.
Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð Verð 4,9 m.kr.
Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíb.húsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. Verð 4,5 m.kr.
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi.
Verð 4 m.kr.
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. h. í Dvalarh. aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. Verð 6,3 m.kr.
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr.
Tilboð óskast
Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt risloft. Verð 4,5 m.kr.
Atvinnuhúsnæði
Mánagata 4 - (Herkastalinn): Gistiheimili og/eða 6 leigubúðir.
Verðhugmynd 10 m.kr.
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel íbúðið atvinnuhúsnæði á góðum stað. Verð 25 m.kr.
Iðnaðarvík
Stigahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast
Dýngeyri
Aðalstræti 23: 150 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt sólstofu og verðlaunuðum garði.
Verð 4,5 m.kr.
Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af úrvalinu. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.bb.is/tg

veðrið

Horfur á fimmtudag: Sunnan 15-20 m/s, en hægari vindur austantil á landinu. Skúrir eða slydduél, en þurrt að mestu norðaustanlands. Hiti 0 til 5 stig.
Horfur á föstudag: Suðlæg átt, víða 10-15 m/s og rigning sunnan- og vestantil, en úrkomulítið norðaustantil. Hlýnandi.
Horfur á laugardag: Suðlæg átt, fremur hvöss og rigning eða slydda, en úrkomulítið norðaustantil. Fremur hlýtt í veðri.
Horfur á sunnudag: Suðlæg átt, fremur hvöss og rigning eða slydda, en úrkomulítið norðaustantil. Fremur hlýtt í veðri.
Horfur á mánudag: Suðlæg átt, fremur hvöss og rigning eða slydda, en úrkomulítið norðaustantil. Fremur hlýtt í veðri.

kirkja

Flateyrarkirkja: Kirkjuskóli á laugardag kl. 13:30. Fjölskylduguðsþjónusta á sunnudag kl.14:00. Fimm ára bókin afhent. Börnin syngja.

fréttir

Íslandsbanki styður Gamla Apótekið

Íslandsbanki hefur fært Gamla Apótekinu á Ísafirði fullkomna Compaq-tölvu ásamt Office-hugbúnaði að gjöf. Að sögn forsvarsmanna Gamla Apóteksins bætir gjöfin úr brýnni þörf því að eldri tölvukostur var í lamasessi. Íslandsbanki vill með framlagi sínu styðja við það uppbyggingarstarf sem fram fer í Gamla Apótekinu og hvetur önnur fyrirtæki á svæðinu til að gera slíkt hið sama.

DAGLEGA Á NETINU bb.is VESTFIRSKAR FRÉTTIR

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Listaskólinn

Starfsemi skólans efld

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ hafa staðfest samning bæjarins við Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar (LRÓ) á Ísafirði um fjárstyrk til skólans og annan stuðning. Ætlunin er að samstarf þessara aðila verði til þess að efla starfsemi skólans, sem er „einstök á landsbyggðinni og því mjög dýrmæt fyrir samfélagið“, eins og Halldór Halldórsson bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ hefur komist að orði.

Ákvörðunin um fjárframlagið „byggist á þeirri sérstöðu sem skólinn hefur skapað sér á landsvísu með fjölbreyttri starfsemi á sviði listsköpunar“, eins og segir í samningnum. Samkvæmt honum greiðir Ísafjarðarbær skólanum tvær og hálfa milljón króna á þessu ári með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

„Með samstarfi Ísafjarðarbæjar og LRÓ er horft til þess að efla starfsemi LRÓ. Ísafjarðarbær mun vinna með LRÓ að því að fá viðurkenningu menntamálaráðuneytis á hinni margþættu og mikilvægu starfsemi skólans. Þar verður m.a horft til hugmynda um starfrækslu sérstakrar lista- og hönnunarnámsbrautar við MÍ í samstarfi við LRÓ og aðra listaskóla (tónlistarskóla) á svæði MÍ. Verði slík braut að veruleika er það lyftistöng fyrir Ísafjarðarbæ og nágrenni.

Frá fundinum á Akureyri. F.v. Ágúst Ágústsson frá Reykjavíkurhöfn, Guðmundur M. Kristjánsson frá Ísafjarðarhöfn, Einar Gústafsson frá Ferðamálaráði Íslands í New York og Pétur Ólafsson frá Akureyrarhöfn. Ljósmynd: Mbl / Kristján.

Ísafjarðarhöfn tekur þátt í stofnun samtakanna Cruise Iceland

Mikil sóknarfæri í móttöku skemmtiferðaskipa

Samstarfshópur Ísafjarðarhafnar, Reykjavíkurhafnar og Akureyrarhafnar ásamt Ferðamálaráði Íslands í Bandaríkjunum hefur í tíu ár átt árangursríkt markaðssamstarf erlendis. Á þeim tímamótum hefur verið ákveðið að setja á stofn samtökin Cruise Iceland en ætlun þeirra er að auka samvinnu allra sem hagsmuna eiga að gæta vegna móttöku skemmtiferðaskipa. Á verkefnaskrá samtakanna er að bæta aðstöðu fyrir skip og farþega, stuðla að fjölgun viðkomustaða á Íslandi, þróa og bæta möguleika á afþreyingu fyrir farþega, lengja dvöl skipanna í höfn og lengja jafnframt vertíð skemmtiferðaskipa hér við land svo að hún byrji fyrr á vorin og endi seinna á haustin.

Hafnirnar þrjár og Ferðamálaráð Íslands í Bandaríkjunum kynntu á fundi á Akureyri í síðustu viku nýútkomna skýrslu um stöðu Íslands sem viðkomustaðar fyrir skemmtiferðaskip, sem unnin var á vegum Ferðamálaráðs í Bandaríkjunum. Í skýrslunni kemur fram að mögulegt sé að tvöfalda farþegafjölda með skemmtiferðaskipum til landsins fram til ársins 2010. Stofnun samtakanna Cruise Iceland er liður í frekari markaðsaðgerðum í samræmi við niðurstöður skýrslunnar.

Að mati skýrsluhöfunda á Ísland mikla framtíð fyrir sér sem ákjósanlegur viðkomustaður fyrir farþega skemmtiferðaskipa en mikill vöxtur er í vissum geirum þessarar ferðamennsku. Sérstaklega er lögð áhersla á sterka stöðu Íslands fyrir náttúru- og ævintýraferðir.

Á síðustu 10 árum hefur samanlagður fjöldi farþega sem komið hafa til áðurnefndra þriggja hafna tvöfaldast úr 51 þúsund farþegum í liðlega 100 þúsund farþega. Eins og fram kom hér í blaðinu fyrir nokkru er von á um 4.200 farþegum með skemmtiferðaskipum til Ísafjarðar næsta sumar. Fyrir átta árum komu til Ísafjarðar 1.700 farþegar þannig að ætla má að fjölgun farþega á Ísafirði hafi verið hlutfallslega meiri en í hinum höfnunum tveimur. Sveiflur milli ára gera þó slíkan samanburð ekki einhlítan. Engu að síður er ljóst að eftir miklu er að slægjast að ná í stærri hluta af kökunni.

Endastakkst niður í fjöru

Betur fór en á horfðist þegar lítill fólksbíll fór út af veginum á leiðinni frá Ísafirði til Súðavíkur milli Vébjarnareyrar og Arnarneshamars í síðustu viku.

Hálka var á veginum og missti ökumaður stjórn á bílnum þannig að hann endastakkst niður í fjöru. Einn farþegi var í bílnum auk ökumanns og munu ekki hafa orðið meiðsli. Bíllinn er hins vegar ónýtur.

Fíkniefnahreiður í Bolungarvík

Upprætt við húsleit

Á fimmtudagskvöld í síðustu viku réðust lögreglumenn í Bolungarvík, með aðstoð lögreglumanna á Ísafirði, til inngöngu í íbúð í Bolungarvík í leit að fíkniefnum, að fenginni húsleitarheimild dómara. Tilefnið var grunur um neyslu og dreifingu fíkniefna úr íbúðinni.

Í tengslum við leitina var par handtekið í Bolungarvík, en maðurinn á umræddu íbúð. Skömmu áður en lögreglan lét til skarar skríða var par sem var akandi á leið til Ísafjarðar frá umræddri íbúð handtekið í Hnífsdal. Við leit í bifreið þess fundust áhöld til neyslu kannnabisefna. Barn var með í bifreiðinni og var því komið til vandamanna.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu viðurkenndi parið að hafa tekið við tveimur grömmum af marijúana-efnum af þeim sem bjó í íbúðinni. Parinu var sleppt eftir yfirheyrslur. Um var að ræða samstarfsverkefni lögreglunnar í Bolungarvík og á Ísafirði, en rannsókn þessa máls hefur staðið yfir undanfarna daga.

Við húsleitina í íbúðinni í Bolungarvík fundust nokkur grömm af marijúanaefnum, auk áhalda sem greinilega hafa verið notuð til fíkniefnaneyslu. Parið sem leitað var hjá í Bolungarvík var í haldi hjá lögreglunni fram á miðjan dag á föstudag.

Rannsókn þessa máls leiddi í ljós að sala fíkniefna hafði farið fram úr umræddi íbúð í Bolungarvík umrætt kvöld ásamt því að þrír tvö viðurkenndu að hafa verið í neyslu fíkniefna undanfarið.

Stuttar af bb.is

Bifreið valt niður í fjöru

Bíll fór út af veginum og niður í fjöru við Hörgshlíð í Mjóafirði laust fyrir hádegi á sunnudag. Þrír voru í bílnum og sluppu allir ómeiddir enda hélst bíllinn á hjólunum. Lögreglan á Ísafirði hefur um þessar mundir mjög strangt eftirlit með ökumönnum í Ljósi fjölda þorrablóta og margskonar mannfagnaðar sem nú er um hverja helgi. Þannig héldu Strandamenn blót í Hnífsdal og Stútungur var haldinn á Flateyri á laugardagskvöld, svo eitthvað sé nefnt. Ekki bar til neinna tíðinda við það umferðareftirlit.

Foreldrar óska úttektar

Á fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu var lagt fram bréf frá tíu foreldrum grunnskólabarna á Þingeyri. Þar er óskað eftir úttekt á skólanum varðandi kennslustundir, samanburði á stöðu nemenda á Þingeyri miðað við nemendur í öðrum skólum og kvartað yfir samskiptum við skólastjóra, eins og segir í bókun nefndarinnar sem lögð var fram til kynningar á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Fræðslunefnd bókaði að hún óskaði eftir frekari upplýsingum og frestaði afgreiðslu málsins á meðan.